


NOTKUNARLEIÐBEININGAR



fyrir vinnustóla sem eru notaðir sem lækningatæki
í vörulínunni REAL 9000 PLUS

IS

Notkunar- og viðhaldsleiðbeiningar



Þýðing á leiðbeiningum
Vörunúmeri: 21-08742-IS
Útgáfa: 05
Gildir frá: 2021-05-26
Breytt: 2022-10-19



[Pláss fyrir vörumerkimiða með
raðnúmeri]

Efnisyfirlit

Upplýsingar um notendur

1. Inngangur	4
1.1. Samskiptaupplýsingar	5
1.2. Ábyrgð.....	5
2. Hafist handa	6
2.1. Fyrir notkun	6
2.2. Rafknúin og handknúin hæðarstilling..	9
2.3. Hleðsla	9
2.4. Flutningur í og úr stólnum	10
3. Þrif og umhirða	11
3.1. Bólstraðir hlutar	11
3.2. Eltihjól og bremsufætur	11
3.3. Aðrir hlutar.....	11
3.4. Flutningur og geymsla	12

Vörupplýsingar

4. Tilætluð notkun	13
4.1. Notkunarumhverfi.....	13
5. Grunnstillingar og aðrar stillingar	14
5.1. Nauðsynlegt færnistig til stillingar og aðlögunar	14
5.2. Grunngerð	15
5.3. Rafknúnar aðgerðir	16
5.4. Sæti.....	19
5.5. Handvirk hæðarstilling.....	20
5.6. Handvirk stilling sætishalla	21
5.7. Coxit-búnaður	22
5.8. Snúningur sætis.....	23
5.9. Bakstoð.....	23

5.10. Handknúinn búnaður fyrir bak	25
5.11. Armstoðarplata.....	27
5.12. Búnaður fyrir armstoðir	28
5.13. Undirstaða	30
5.14. Handknúinn hemill	33
5.15. Sérsniðin aðlögun	34

6. Mikilvægar öryggisupplýsingar... ..	36
6.1. Staðlar og flokkun	36
6.2. Viðvaranir	37
6.3. Ætlaður endingartími	38
6.4. Tilkynningar um tilvik eða atvik sem valda skaða eða skemmdum	39

Þjónustuhandbók

7. Tæknilegar upplýsingar.....	40
7.1. Tákn.....	42
8. Viðhaldsvinna og enduruppsetning.	45
8.1. Leiðbeiningar um bilanaleit	46
8.2. Rafhlöðuskipti	48
8.3. Enduruppsetning og reglubundin viðhaldsvinna.....	49
9. Leiðbeiningar um förgun	57
9.1. Sorpflokkun	57

1. Inngangur

Þakka þér fyrir að velja Mercado Medic sem söluaðila þessarar vöru. Með því að velja REAL stól gerist þú þátttakandi í yfir 50 ára þróunarferli lækningatækja sem leggja mikla áherslu á virkni, öryggi, gæði og sveigjanleika. Við framleiðum alla stólana okkar í framleiðslustöð okkar í Svíþjóð.

Mercado Medic er vottað samkvæmt ISO 13485, ISO 9001 og ISO 14001 og fylgir gildandi vinnu- og umhverfislöggjöf.

Við áskiljum okkur rétt til að gera breytingar á þessari handbók og innihaldi hennar.

Til að geta notað þennan stól á öruggan hátt þarf tu að lesa og skilja þessa handbók áður en stóllinn er tekinn í notkun.

PDF-útgáfur af notkunar- og viðhaldsleiðbeiningum okkar, með möguleika á stækkan leturs, er að finna á vefsíðu okkar, www.mercado.se.



1.1. Samskiptaupplýsingar

Framleiðandi

Heimilisfang: Mercado Medic AB,
Tryffelslingan 14, SE-181 57 Lidingö, Svíþjóð

Póstfang: Mercado Medic AB, Box 1074,
SE-181 22 Lidingö, Svíþjóð
Símanúmer: 08-555 143 00
netfang: info@mercado.se
Vefsvæði: www.mercado.se

Þjónusta og tæknileg aðstoð

Símanúmer: +46 (0) 8 555 143 08
Netfang: service@mercado.se

Notið eyðublaðið á www.mercado.se/en/support til að tilkynna um ábyrgðartilvik, ámælisverð atvik, biðja um tilboð eða fá aðrar upplýsingar.

Dreifingaraðili

Reitur fyrir ítarlegri samskiptaupplýsingar fyrir dreifingaraðila:

1.2. Ábyrgð

Allir íhlutir í vörum frá Mercado Medic falla undir ábyrgðina í samræmi við tímabilin og almenn ákvæði og skilmála sem eru tilgreind hér að neðan, nema samið sé skriflega um önnur sérstök tímabil og skilmála milli Mercado Medic og viðskiptavinarins í samningum í tengslum við umfangsmikil innkaup.

Ef vandamál koma upp í tengslum við vöruna ættir þú, sem notandi að hafa fyrst samband við ávísunaraðilann en því næst hjálpartækjamíðstöðina eða dreifingaraðilann. Dreifingaraðilinn mun svo hafa samband við Mercado Medic með því að nota samskiptaupplýsingarnar sem tilgreindar eru í kafla 1.1. Samskiptaupplýsingar.

Ábyrgðartímabil

- Málmhltar: 3 ár.
- Lyftibúnaður (rafknúinn og gasfjöðrunarknúinn): 2 ár.
- Aðrir hlutar (t.d. hjól, rafhlöður, bólstraðir hlutar): 1 ár.

Almennar skilmálar

Ábyrgðin nær ekki til:

- Tjóns eða ástands sem rekja má til eðlilegs slits.
- Tjóns sem rekja má til vanrækslu eða rangrar notkunar.
- Varahluta, íhluta eða fylgihluta sem ekki eru vottaðir af Mercado Medic.
- Breytinga sem gerðar eru á vörunni og eru ekki framkvæmdar af vottuðum þjónustuaðilum.
- Íhluta sem hafa áður verið settir upp á öðrum vörum en þeirri vörum sem ábyrgðartilvikið varðar.
- Upplitun eða eðlileg frávik á lit áklæða, gervileðurs og leðurs.

2. Hafist handa

Þessi kafli er einkum ætlaður þér, sem notanda vörurnar. Hér er því lýst hvernig á að undirbúa vörurnar til notkunar, stilla sætishæð, hlaða rafknúnar einingar og tryggja æskilegar aðstæður við flutning í og úr stólnum. Umönnunarráð eru í kafla 3., „þrif og umhirða“.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi vöruna eða ef eitthvað ófyrirséð kemur upp skaltu fyrst hafa samband við ávísunaraðilann eða dreifingaraðilann. Samskiptaupplýsingar eru í kafla 1.1. Tengiliðaupplýsingar. Þér er einnig velkomið að hafa samband við okkur hjá Mercado Medic.

2.1. Fyrir notkun

Stóllinn er alltaf afhentur með sæti, bakstoð, armstoðum og hemli. Við afhendingu frá Mercado Medic hafa bakstoð og bremsustöng ekki verið sett upp. Slíkan búnað verður að setja upp áður en varan er tekin í notkun.

Bremsuhandfang

Settu bremsuhandfangið í festinguna fyrir bremsuhandfang (A), sjá mynd 2.1. Bremsuhandfangið má staðsetja bæði hægra og vinstra megin.

Búnaður fyrir bak

Settu baksúluna í bakhallann (B) og stilltu í æskilega hæð, sjá mynd 2.1. Hertu allar stýringar (B). Myndin sýnir einn af mörgum gerðum búnaðar fyrir bak sem notaðir eru fyrir vörur Mercado Medic. Annar búnaður fyrir bak er settur upp með sama hætti, jafnvel þótt útlit búnaðarins kunni að vera frárugðið því sem sést á myndinni.

Armstoðir

Losaðu stýringarnar fyrir armstoðir (C) og stilltu æskilega hæð og breidd, sjá mynd 2.1. Hertu allar stýringar (C).


Höfuðpúði

Ef stóllinn er seldur með höfuðpúða skaltu koma höfuðpúðabúnaðinn fyrir í festingunni á bakpúðanum (D) og stilla æskilega hæð, eins og sýnt er á mynd 2.1. Hertu allar stýringar (D).

Rafhlaða

Fyrir fyrstu notkun verður að virkja og/eða hlaða rafhlöðuna á rafknúnum gerðum. Þetta er gert með því að tengja hleðslutækið við hleðslutengilinn á vörunni og setja það svo í samband við vegginnstungu (E), sjá mynd 2.1. Hægt er að staðsetja hleðslutengilinn á nokkrum mismunandi stöðum á vörunni. Algengast er að varan sé afhent með hleðslutengilinn staðsettan á aftari brún vinstri armstoðar.

Ekki nota vöruna fyrr en rafhlaðan er fullhlaðin. Það tekur yfirleitt 2 til 5 klukkustundir. Þegar rafhlaðan er fullhlaðin verður LED-ljósið á hleðslutækinu grænt. Frekari leiðbeiningar um hleðslu er að finna í 2.3. Hleðsla.



Mynd 2.1. Nauðsynlegur undirbúninngur fyrir notkun á vörunni.

Hafðu eftirfarandi í huga áður en þú notar vöruna og á meðan þú notar hana

- Áður en varan er notuð verður að herða allar stýringar fyrir stillingar.
- Ekki má nota vöruna áður en bakstoðin hefur verið sett upp.
- Ekki má nota vöruna áður en armstoðin hefur verið sett upp.
- Ávallt skal setja hemilinn á áður en notandi sest í stólinn eða standur upp úr honum.
- Hemlageta vörunnar kann að minnka á gólfí sem hallar mikið.
- Hemlageta vörunnar kann að minnka á ósléttum fleti.

- Gæta verður fyllstu varúðar þegar stóllinn er færður til. Vertu ævinlega meðvituð/meðvitaður um umhverfisaðstæður við flutning í og úr stólnum. Gæludýr eða börn á gólfínu geta orðið fyrir stólnum.
- Fótastoð (valbúnaður) er ætluð til að hvíla á fætur, en ekki til að standa á.

Fyrir gerðir búnar rafknúnum aðgerðum,

- Vöruna á að hlaða samkvæmt leiðbeiningum í þessum notkunarleiðarvísi, sjá 2.3 Hleðsla
- Ekki er hægt að nota rafknúnar aðgerðir stólsins á meðan hann er í hleðslu.

- Ef stóllinn er með fótastoðum eiga fætur notanda alltaf að vera í snertingu við stoðplötuna þegar rafknúnar aðgerðir eru notaðar.
- Sætishæð má aldrei vera meiri en svo að notandi geti auðveldlega sest í og staðið upp úr stólnum á öruggan hátt.
- Ekki má færa vöruna til á meðan sætið er í upprétti stöðu.
- Neyðarstöðvun fyrir stjórnhnappa:
Ef tiltekin hreyfing stöðvast ekki, af einhverjum ástæðum, þegar viðkomandi aðgerðahnappi er sleppt er hægt að framkvæma neyðarstöðvun með því að ýta á og halda niðri stjórnhnappi fyrir hreyfingu í gagnstæða átt.
- Neyðarstöðvun fyrir handstýringu:
Ef tiltekin hreyfing stöðvast ekki, af einhverjum ástæðum, þegar viðkomandi aðgerðahnappi er sleppt er hægt að framkvæma neyðarstöðvun með því að ýta á og halda niðri einhverjum hinna hnappanna á handstýringunni.
- Hnappalás á handstýringu: Til setja á eða taka af hnappalás fyrir tiltekna aðgerð skal halda báðum hnöppum fyrir þá aðgerð niðri í minnst 3 sekúndur.
Hnappalásinn læsir aðeins viðkomandi aðgerð. Ef læsa á fleiri aðgerðum þarf að læsa hverri aðgerð fyrir sig.



Viðvörun! Ef afköst vörunnar minnka eða breytast ætti notandi vörunnar að hafa samband við ávísunaraðila, hjálpartækjamiðstöð eða dreifingaraðila. Vöru með skert eða breytt afköst skal tafarlaust taka úr notkun til að forðast óheppileg atvik eða slys. Ekki má nota vöruna aftur fyrr en viðurkenndur tæknimaður hefur skoðað vöruna.



Viðvörun! Til að viðhalda öryggi vörunnar skal aðeins einstaklingurinn sem hún er ætluð nota hana, í þeim tilgangi sem hún er ætluð fyrir. Stóllinn er stilltur til notkunar fyrir einn notanda. Ef stillingum er breytt getur þetta haft áhrif á setstillingu notandans, sem getur leitt til slysa.



Viðvörun! Ekki er heimilt að gera breytingar á vörunni upp á eigin spýtur. Ef breyta þarf stillingum fyrir viðkomandi notanda skal hafa samband við ávísunaraðilann eða dreifingaraðilann. Ef vörunni er breytt fellur CE-merking hennar úr gildi og Mercado Medic getur ekki lengur tekið fulla ábyrgð á vörunni. Breytingar geta skert öryggi vörunnar og orsakað óæskileg tilvik og slys.



Viðvörun! Stóllinn er hugsanlega með löngum snúrum eða vírum sem ekki er hægt að festa fullkomlega nema skerða virkni stólsins. Hugsanleg hætta er á að snúrur eða vírar vefjist um háls t.d. lítt barna. Aldrei má skilja vöruna eftir eftirlitslausa nálægt börnum.



Viðvörun! Varan inniheldur ýmsa smáhluti sem geta losnað, svo sem skrúfur. Slíkir smáhlutir gefa orsakað köfnunarhætta fyrir börn og gæludýr.




Viðvörun! Málmfletir á stólnum geta orðið mjög heitir ef sólin skín á þá. Ef húð kemst í snertingu við heita fleti getur það valdið brunasárum. Forðastu að láta málmfleti á vörunni standa í beinu sólarljósi.




Viðvörun! Gakktu alltaf úr skugga um að stóllinn sé í bremsu þegar notandi sest í hann eða stendur upp úr honum. Ef stóllinn er ekki í bremsu er hætta á að stóllinn renni til þegar notandi stendur upp eða sest, sem getur orsakað fallslys.

2.2. Rafknúin og handknúin hæðarstilling

Þessi vara er með rafknúinni eða handknúinni hæðarstillingu, allt eftir gerð stólsins. Rafknúinni hæðarstillingu er stýrt með handstýringu eða með stjórnhnappi sem er staðsettur undir hægri armstoðinni, sjá mynd 2.2. Handknúinni hæðarstillingu er stýrt með stýribúnaði sem er staðsettur undir sætinu eða undir hægri armstoð, sjá mynd 2.3. Í kafla 5., „Grunnstillingar og aðrar stillingar“, eru frekari upplýsingar um allar aðgerðir og stillingar á vörunni.



Mynd 2.2. Stýring á rafknúinni gerð.



Mynd 2.3. Stýring á handknúinni gerð.

2.3. Hleðsla

Rafhlöður rafknúinna gerða ætti að hlaða á hverjum degi. Við daglega hleðslu tekur 2 til 5 klukkustundir að hlaða rafhlöðuna. Mikilvægt er fyrir endingu rafhlöðunnar að hún tæmist aldrei alveg. Dagleg hleðsla rafhlöðunnar er sérstaklega mikilvægt á þeim stillingum sem eru með rafbremsu, rafdrifnum sætishalla og rafdrifinni bakfellingu, til að tryggja að þú sem notandi getur alltaf farið inn og út úr vörunni á öruggan hátt. Hleðsla tækisins verður að fara fram á öruggan hátt. Ekki er hægt að nota rafknúnar aðgerðir stólsins á meðan hann er í hleðslu. Þess vegna skal velja vegginstungu sem er aðgengileg og auðvelt að setja hleðslutækið í samband við. Snúran úr hleðslutækinu að vegginnstungu er 1 metri á lengd og ekki er hægt að framlengja hana. Í neyðartilvikum skal aftengja stóllinn frá rafkerfi með því að taka hleðslutækið úr sambandi við vegginnstunguna.


Vörur sem eru búnar stjórnerfinu RCB10+L vara við lágu rafhlöðustigi með tveggja þrepa hljóðmerkjum, lágum og alvarlegum. Ef lítil hleðsla er á rafhlöðu heyrast stutt hljóðmerki. Ef mjög lítil hleðsla er á rafhlöðu heyrast eitt stutt hljóðmerki og því næst hávært píp. Varan gæti einnig gefið merki um lágt rafhlöðustig, eða þegar það er við það að tæmast, þegar rafhlaðan vörunnar er virkjuð eftir að kerfið hefur verið í hvíldarham. Þetta er vegna þess að varan hefur ekki enn tryggt hleðslustigið við gangsetningu. Merkið hættir eftir nokkrar mínútur. Ef stóllinn er búinn handstýringu er rafhlöðustigið sýnt með stöðuljósunum, eins og sýnt er á mynd 2.4.



Mynd 2.4. Gaumljós fyrir hleðslustöðu rafhlöðu á handstýringu.

Svona er stóllinn hlaðinn

1. Settu tengilinn á hleðslutækinu í samband við hleðsluúttakið, sjá mynd 2.5. Hleðsluúttakið er yfirleitt staðsett á aftari brún vinstri armstoðar, en getur einnig verið staðsett annars staðar á stólnum, t.d. undir sætinu.
2. Settu tengilinn á hleðslutækinu í samband við vegginnstungu. LED-ljósið á hleðslutækinu logar til að þegar hleðsla er í gangi.
3. Rafhlaðan er fullhlaðin þegar LED-ljósið á hleðslutækinu skiptir um lit úr rauðu í grænt. Ef handstýring er notuð er þetta einnig sýnt með þremur grænum LED-ljósum á rafhlöðuvísinum, sem blikka samstillt.



Mynd 2.5. Tengill settur í samband við hleðsluúttak undir armstoð.

Fyrir vörur sem eru búnar RCB10+L stjórnerfinu er rafhlaðan sjálfkrafa aftengd ef rafmagnaðgerðirnar hafa ekki verið notaðar í 7 daga. Til að kveikja aftur á rafhlöðunni skal setja hleðslutækið í samband við hleðsluúttakið og vegginstunguna og bíða í minnst 5 sekúndur þar til kveikt er á rafhlöðunni. Mælt er með að hlaða rafhlöðuna að fullu eftir að slökkt hefur verið á henni.

Ef engar af rafknúnum aðgerðum stólsins virka skaltu prófa að setja rafhlöðuna í hleðslu. Ef rafknúnu aðgerðirnar virka enn ekki skal hafa samband við ávísunaraðilann eða dreifingaraðilann, sjá nánar í 1.1. Tengiliðaupplýsingar.

2.4. Flutningur í og úr stólnum

Við flutning í og úr stólnum er mikilvægt að einstaklingur sem situr í stólnum hafi góða snertingu við gólfíð. Inniskór með gúmmísólum geta t.d. gert gripið traustara og þannig aukið öryggi við flutning. Ef stóllinn er með sætisstöng og þú hefur nægilega gott líkamlegt jafnvægi til að stilla sætisstöngina aðeins fram, getur þetta veitt betra grip á gólfínu. Svoltið framhallandi sætisstilling auðveldar flutning í og úr stólnum. Mottur á gólfum og gólfteppi gera flutning í og úr stólnum torveldari. Það getur því verið gott að fjarlægja gólfmottur við flutning í og úr stólnum.

Með því að fjarlægja þröskulda færðu aukinn kraft þegar stólnum er bakkað yfir þröskulda, lista og milli herbergja. Lækkaðu sætið og stilltu sætishallann niður að framan, ef hægt er, til að auðvelda þér að komast yfir þröskulda.



Viðvörun! Gakktu alltaf úr skugga um að stóllinn sé í bremsu þegar notandi sest í hann eða stendur upp úr honum. Ef stóllinn er ekki í bremsu er hætta á að stóllinn renni til þegar notandi stendur upp eða sest, sem getur orsakað meiðsli við fall.

3. Þrif og umhirða

Hreinsið vöruna samkvæmt leiðbeiningunum í þessum hluta, til að viðhalda virkni og lífslengd vörunnar. Ef ekki er hægt að losna við óhreinindi með venjulegum hreinsiefnum og -tækjum sem finnst á heimilinu skaltu hafa samband við ávisunaraðila þinn eða dreifingaraðilann og láta yfirfara stólinn.

ATHUGIÐ! Ekki má sprauta vatni á stólinn til að skola hann, né sprauta á hann öðrum vökvum eða ídefnum.

3.1. Bólstraðir hlutar

Til að tryggja gott hreinlæti við notkun vörunnar þarf að hreinsa bólstraða hluta hans reglulega. Ef ekki er hugað að hreinsun á bólstruðum hlutum þarf hugsanlega að enduruppsetja stólinn.

Bólstraðir hlutar með plussáklæði

Notaðu froðuhreinsiefni til að hreinsa bólstraða hluta með plussáklæði. Fyrst skaltu fjarlægja allt lauslegt rusl. Berðu því næst þunnt froðulag á með klúti. Strjúktu af stólnum með hreinum, örliðið rökum klúti. Ryksugaðu að lokum áklæðið, þegar það er orðið þurrt.

Bólstraðir hlutar með áklæði úr gervilleðri

Notaðu sápu og vatn eða sótthreinsiefni til að hreinsa bólstraða hluta með áklæði úr gervilleðri. Fyrst skaltu fjarlægja allt lauslegt rusl. Notaðu því næst klút til að þrífa áklæðið með sápu og vatni eða sótthreinsiefni. Ef hreinsa þarf áklæðið skal nota sápu og vatn og strjúka svo af stólnum með hreinum, örliðið rökum klúti.

Bólstraðir hlutar með leðuráklæði


Notaðu vatn til að hreinsa bólstraða hluta með plussáklæði. Fyrst skaltu fjarlægja allt lauslegt rusl. Notaðu því næst hreinan, örliðið rakan klút til að þrífa áklæðið. Til að ná sem bestum árangri ætti að hreinsa bólstraða hluta tafarlaust ef eitthvað hellist niður á þá. Til að lengja endingu bólstraðra hluta skaltu forðast að láta bólstraða hluta lenda í beinni snertingu við ídefni eða standa lengi í beinu sólarljósi.

3.2. Eltihjól og bremsufætur

Til að viðhalda góðri virkni og ástandi vörunnar þarf að hreinsa eltihjól og bremsufætur reglulega. Þurrkaðu af eltihjólum og bremsufótum með rökum klúti. Það getur verið gott að losa eltihjólin frá með mjórri nál eða svipuðu áhaldi.

3.3. Aðrir hlutar

Ekki á að þrífa sérstaklega lyftibúnað stólsins og annan gangsetningarbúnað, sjá mynd 3.1. (hugsanlega staðsett hjá rafknúnu sætishallastýringunni, bakhallastýringunni eða bremsunni). Til að þessi búnaður virki sem skyldi þarf að vera smurefni á honum sem hætt er við að hreinsist af við þrif.




Mynd 3.1. Lyftibúnaður vörunnar og annar gangsetningarbúnaður.

Ef þörf krefur má nota þurran klút til að þerra raka af rafknúnum hlutum stólsins. Aðra órafknúna hluta stólsins skal þrífa vikulega eða oftar, ef þess gerist þörf. Notaðu hreinan og svolitið rakan klút með mildu hreinsiefni (pH 7–12), sótthreinsiefni eða þrýstibvott (hám. 8 bör).

3.4. Flutningur og geymsla


Við flutning og geymslu á vörunni skal hafa eftirfarandi í huga:

- Á sléttum fleti er stóllinn færður til með því að rúlla honum.
- Ef lyfta þarf stólnum ættu tveir að lyfta. Hentugir gripstaðir eru að framan og að aftan, sem og á hægri og vinstri hlið, á neðri brún sætisins, sjá mynd 3.2.



Mynd 3.2. Viðeigandi grip þegar lyft er.

- Stóllinn má flytja og setja í geymslu við 25 °C til +60 °C og allt að 90% raka, án þéttingar.



- Stóllinn skal flytja í þar til gerðum pappakassa á bretti. Ef stóllinn er fluttur í bíl skal spenna hann fastan með spennuólum um bæði undirstöðu og sæti,

sem og setja hann í lægstu hugsanlegu sætishæð. Til að minnka umfang stólsins við flutninga er hægt að taka bakstoðina af og fella armstoðirnar niður. Gættu þess að merkja fyrir stillingum, til að auðveldara verði að setja stólinn aftur í fyrri stillingu. Gott er að nota límband eða aðrar merkingar sem auðvelt er að fjarlægja.

- Ekki má nota stólinn til að sitja á meðan verið er að flytja hann, t.d. í bíl eða á flugvelli.
- Við flutninga með flugi verður að geyma stólinn í farangursrými. Upprunalegar rafhlöður frá Mercado Medic eru vottaðar fyrir flutninga með flugi. Nánari upplýsingar um gerð rafhlöðu eru í kafla 7, „Tæknilegar upplýsingar“.

4. Tilætluð notkun

Í vörulínunni REAL 9000 eru einingamiðaðir vinnustólar til notkunar innanhúss, ætlaðir fyrir einstaklinga sem þarfast hjálpartækja við sitjandi líkamlega virkni og við flutning í og úr stól af eigin rammleik eða til að standa upp úr setstöðu. REAL 9000 er ætlað að hámarka hreyfigetu notandans og það er því hægt að aðlaga stillingar stólsins að hverjum einstaklingi. Stóllinn er einnig ætlaður til notkunar einstaklings með enga hreyfigetu og þörf fyrir leiðréttingu á setstillingu við mismunandi aðstæður. Við slíkar aðstæður er stóllinn stilltur þannig að notandi geti farið í og úr stólnum með hjálp aðstoðarmanneskjú. Stóllinn er hannaður til að léttu álagi á vöðva, liði og bein og draga úr verkjum sem rekja má til kyrrstöðu.

REAL 9000 er gerður fyrir og mælt með fyrir einstaklinga sem:


- Eiga erfitt um gang eða hafa enga göngufærni.
- Eiga erfitt með eða geta ekki staðið upp úr sitjandi stillingu.
- Eiga erfitt með að halda æskilegri sitjandi stillingu.
- Finna fyrir verkjum eða mikilli þreytu við daglegar athafnir, heima eða á vinnustað.
- Hentar ekki að nota hjólastól við margar þeirra athafna sem þeir þurfa að framkvæma í dagsins önn.

Frábendingar

Engar þekktar frábendingar eru fyrir notkun á REAL 9000. Ef stóllinn er keyptur án ávísunar frá til þess bærum heilbrigðisstarfsmanni ætti notandinn að hafa samband við lækni til að fá upplýsingar um hugsanlegar frábendingar.

4.1. Notkunarumhverfi

- Stóllinn er ætlaður til notkunar innanhúss og ekki má nota hann utandyra.
- Stóllinn er ætlaður til notkunar við hitastig frá +5 °C til +40 °C og 15–90 % raka, án þéttингar. Ef stóllinn er geymdur við aðstæður sem eru utan þessara marka verður hann að fá að aðlagast umhverfi sínu í allt að 4 klukkustundir til að ná æskilegu hitastigi áður en hann er notaður.



- Vöruna má ekki nota í meiri hæð en 2000 m yfir sjávarmáli.
- Varan má ekki standa í miklum hita eða kulda eða í sterki són eða annarri geislun.
- Varan má ekki fá á sig vatn eða aðra vökva eða íðefni, í meiri mæli en tilgreint er í kafla 3. um umhirðu og þrif. Þrif og umhirða.

5. Grunnstillingar og aðrar stillingar

Þessi kafla er einkum ætlaður þér, sem ávísunaraðila vörunnar. Kaflinn inniheldur upplýsingar um gerðir vörunnar, valkostí við grunnstillingu og stillingarmöguleika fyrir aðgerðir. Upplýsingar um mál og afköst eru í kafla 7, Tæknilegar upplýsingar.

Varan er fáanleg í ýmsum valfrjálsum grunngerðum. Grunngerð hverrar vörutegundar er lýst hér á eftir. Sjá nánar í 5.2. Grunnhönnun. Fyrir utan grunngerðina er hægt að velja margs konar fylgihluti til að sérsníða vöruna. Frekari upplýsingar um tiltæka fylgihluti er að finna í lýsingu fyrir hverja aðgerð í þessum kafla. Grunngerðirnar er einnig hægt að nota sem staðsetningarárstaða, t.d. með búkstoð, hliðarstoð og höfuðpúða, auk þess sem hægt er að sérsníða þær frekar, bæði innan og utan gildissviðs CE-merkingar. Sjá nánar í 5.15. Sérsniðin aðlögun. Upplýsingar um fylgihluti og gildandi samninga um samsetningar er að finna á heimasíðu okkar, www.mercado.se. Yfirlit yfir fylgihluti er að finna í skjalnu „Accessories“.

Varan er samhæf við tvenns konar sætisbúnað, ErgoMedic og ErgoMedic Plus. Sætiskerfin eru með sætum, bakstoð og armstoð. Hægt er að nota samsetningar bólstraðra hluta eins og þörf krefur til að fá stuðning, léttá á álagi og auka stöðugleika í sitjandi stöðu. Notendur sem glíma við verki geta nýtt sér Slow recovery-útfærsluna fyrir báðar gerðir sætisbúnaðar. Þessi útfærsla er með þrýstingsjafnandi svampi sem lagar sig að líkamshita. Ef þess gerist þörf er hægt að setja upp sætisplötu með skrikvörn þegar nota á sætissessur frá þriðja aðila. Sjá nánar í 5.15. Sérsniðin aðlögun. Nánari upplýsingar um sætisbúnað og aðrar upplýsingar um bólstraða hluta er að finna á vefsþeidi okkar, www.mercado.se. Yfirlit yfir fáanlega bólstraða hluta er að finna í skjalnu „Ergonomic seat systems for the REAL-chairs“.

Á www.mercado.se er að finna ýmsar upplýsingar vegna ávísana, svo sem upplýsingablöð, pöntunareyðublöð og upplýsingar um stafrænar stillingar. Þar eru einnig leiðbeiningar um notkun og vörupplýsingasíður fyrir allar vörur Mercado Medic.

5.1. Nauðsynlegt færnistig til stillingar og aðlögunar

Grunnstillingar aðgerða og aukabúnaðar vegna staðsetningaraðstoðar eða álagsdreifingar í sitjandi stöðu má aðeins ávísunaraðili framkvæma, nema um annað sé samið, þar sem slíkt krefst mikillar þekkingar á æskilegri líkamsstöðu. Slíkar aðgerðir og fylgihlutir geta t.d. verið hnakkapúði, búkstoð, hliðarstoð, coxit-búnaður, fótastoðir og stillingar á breidd armstoða.

Notandi getur sjálfur stillt aðgerðir sem notaðar eru daglega, svo sem stilling sætishæðar, sætishalli, bremsa, gasfjöðrunarstýring á bakhalla og hugsanlega hæð armstoða, ef þess er kostur og notandi getur gert það á öruggan hátt.


5.2. Grunngerð

Varan er alltaf afhent með sæti, baki, armpúðum, standi með fjórum hjólum (\varnothing 100 mm samkvæmt staðli), handbremsu með bremsuhandfangi (350 mm samkvæmt staðli) og hornföstum sætiskrossi sem leyfir ekki sætishalla. Varan er ýmist með rafknúinni eða handknúinni hæðarstillingu, allt eftir gerðum.

ATHUGIÐ! Grunngerð vörunnar getur verið mismunandi milli sölusvæða og framboðs hverju sinni.


REAL 9000 PLUS

Stóll fyrir fullorðna með handknúinni hæðarstillingu.




REAL 9100 PLUS EL 24V

Stóll fyrir fullorðna með rafknúinni hæðarstillingu.




REAL 9300 PLUS

Stóll fyrir börn með handknúinni hæðarstillingu.




REAL 9400 PLUS EL 24V

Stóll fyrir börn með rafknúinni hæðarstillingu.




REAL 9700 PLUS

Coxit-gerð fyrir fullorðna með handknúinni hæðarstillingu.




REAL 9800 PLUS EL 24V

Coxit-gerð fyrir fullorðna með rafknúinni hæðarstillingu.



EVI

Stóll fyrir börn með hátt-lágt-aðgerð fyrir minnstu börnin.



5.3. Rafknúnar aðgerðir

Rafdrifnar gerðir með stýrikerfinu RCB10+L geta verið útbúnar með allt að fjórum rafknúnum aðgerðum, rafdrifinni hæðarstillingu, rafbremsu (valfrjálst), rafdrifnum sætishalla (valfrjálst) og rafdrifnu bakstoði (valfrjálst). Þetta er hægt að stilla á two vegu; með því að koma stjórnhnappi fyrir undir armpúðum eða með handstýringu. Stýrikerfi Maestro styður aðeins rafdrifna hæðarstillingu stillt með stýrihnappi.

Hægt er að nota aðgerðirnar fyrir rafknúna hæðarstillingu og rafknúinn sætishalla samtímis¹ og þá virka þær einnig sem aðstoð við að rétta úr sér. Þetta auðveldar notkun þar sem notandinn getur hækkað sætið án þess að þurfa að lyfta fótunum af gólfinu. Um leið getur notandi betur stjórnað hreyfingunni þegar hann eða hún fer úr uppréttum stöðum í sitjandi.

Stjórnhnappur

Stjórnhnappur er rafknúin stýring með þremur stillingum (frá, upp og niður) sem má nota til að stilla sætishæð, sætishalla eða bakhalla. Varan er búin nokkrum stjórnhnöppum sem nota skal til að stjórna ýmsum rafknúnum aðgerðum. Ef varan er búin rafknúnum hemli er hægt að nota sérstakan stjórnhnapp með tveimur stillingum (fyrir hvíldarstöðu og til að setja hemilinn á og af) til þessa.


Sætishæð

Stjórnhnappur fyrir sætishæð er staðsettur undir fremri brún hægri armstoðar, sjá mynd 5.1.

Stilling:

1. Ýttu upp til að hækka.

2. Ýttu niður til að lækka.



Mynd 5.1. Stjórnhnappur til að stilla sætishæð.


Hemill

Stjórnhnappur fyrir hemil er á utanverðri hægri armstoðinni, sjá mynd 5.2.

Hemill settur á og tekinn af:

1. Ýttu stuttlega til að setja hemilinn á.

2. Ýttu stuttlega á sama hnapp til að taka hemilinn af.



Mynd 5.2. Stjórnhnappur til að setja hemil á og taka hemil af.

¹ Á aðeins við um rafknúnar gerðir, seldar frá 26.5.2021.


Sætishalli

Stjórnhnappur fyrir sætishalla er staðsettur undir fremri brún hægri armstoðar, sjá mynd 5.3.

Stilling:

1. Ýttu upp til að halla sætinu aftur á bak.
2. Ýttu niður til að halla sætinu fram.

ATHUGIÐ! Ef varan er búin öllum fjórum rafknúnu aðgerðunum eru stjórnhnappur fyrir sætishalla og stjórnhnappur fyrir bakhalla staðsettir á sömu armstoð, hlið við hlið.



Mynd 5.3. Stjórnhnappur til að stilla sætishalla.


Hallastilling fyrir bak

Stjórnhnappur fyrir bakhalla er staðsettur undir fremri brún hægri armstoðar, sjá mynd 5.4.

Stilling:

1. Ýttu upp til að stilla halla baks aftur á bak.
2. Ýttu niður til að fella bakið fram.

ATHUGIÐ! Ef varan er búin öllum fjórum rafknúnu aðgerðunum eru stjórnhnappur fyrir sætishalla og stjórnhnappur fyrir bakhalla staðsettir á sömu armstoð, hlið við hlið.



Mynd 5.4. Stjórnhnappur fyrir stillingu bakhalla.

Handstýring


Handstýring (valbúnaður) er fáanlegur í tveimur útfærslum: þráðtengd handstýring og þráðlaus fjarstýring. Þetta er fáanlegt í gerðum með einni aðgerð eða fjórum aðgerðum. Gerð með einni aðgerð er ætlað að stýra einungis hækkun og lækkun. Gerð með fjórum aðgerðum getur stjórnað öllum fjórum aðgerðunum. Handstýringin er einnig með hnappalásaðgerð, sjá mynd 5.9.

Sætishæð

Hnappar á efra hnappaborði vinstra megin, sjá mynd 5.5.

Stilling:

1. Ýttu upp til að hækka.
2. Ýttu niður til að lækka.




Mynd 5.5. Hnappur til að stilla sætishæð.

Hemill

Hnappur næst miðju, sjá mynd 5.6.

Hemill settur á og tekinn af:

1. Ýttu stuttlegra til að setja hemilinn á.
2. Ýttu stuttlegra á sama hnapp til að taka hemilinn af.




Mynd 5.6. Hemill settur á og tekinn af.

Sætishalli

Hnappar á efra hnappaborði hægra megin, sjá mynd 5.7.

Stilling:

1. Ýttu upp til að halla sætinu fram.
2. Ýttu niður til að halla sætinu aftur á bak.




Mynd 5.7. Hnappur til að stilla sætishalla.

Hallastilling fyrir bak

Hnappar fyrir miðju á neðra hnappaborði, sjá mynd 5.8.

Stilling:

1. Ýttu upp til að stilla halla baks fram.
2. Ýttu niður til að fella bakið aftur á bak.




Mynd 5.8. Hnappur til að stilla bakhalla.

Hnappalás

Kveikt og slökkt á hnappalás:

1. Til að kveikja á hnappalás fyrir tiltekna aðgerð skal halda báðum hnöppum fyrir þá aðgerð niðri í minnst 3 sekúndur.
2. Til að slökkva á hnappalás fyrir tiltekna aðgerð skal halda báðum hnöppum fyrir þá aðgerð niðri aftur í minnst 3 sekúndur.



ATHUGIÐ! Með hnappalásnum er aðeins þessi aðgerð læst eða aflæst sem hnappurinn sem er ýtt á stjórnar. Ef læsa á fleiri aðgerðir verður að gera þetta fyrir hverja aðgerð fyrir sig.

Mynd 5.9. Dæmi um hvernig kveikt er eða slökkt á hnappalás fyrir bakhallastillingu.


5.4. Sæti

Sætin eru fáanleg í fjórum útgáfum, ErgoMedic, ErgoMedic Plus og ErgoMedic Plus Coxit. Þessir stólar eru einnig til með Slow recovery-bólstrun.

Áklæði fyrir sæti er fáanlegt í fjórum gerðum efna: plussi, gervileðri (valbúnaður), mynstruðu, ofnu efni (valbúnaður) og efni til að tryggja hreinlæti (valbúnaður). Áklæði úr efni til að tryggja hreinlæti er notað til að verja sætið gegn vætu. Áklæði (fylgihlutur) úr plussi og efni til að tryggja hreinlæti er fáanlegt fyrir allar útfærslur á sæti og öllum stærðum. Áklæði úr efni til að tryggja hreinlæti er með ytra byrði úr plussi og plastlagi að innanverðu. Nánari upplýsingar um áklæði, efni og liti í boði er að finna á vefsíðu okkar, www.mercado.se. Yfirlit yfir fáanleg áklæði er að finna í skjalinu „Ergonomic seat systems for the REAL-chairs“.

ErgoMedic


ErgoMedic er slétt sæti með setgróp og sérstökum stuðningi undir læri, sjá mynd 5.10. Sætið er fáanlegt í stærðunum frá 290 x 320 mm til 480 x 530 mm.



Mynd 5.10. Sæti fyrir ErgoMedic.

ErgoMedic Plus


ErgoMedic Plus er með auknum stillingarmöguleikum á sæti með upphækkuðum brúnum til bæta álagsdreifingu, sjá mynd 5.11. Sætið er fáanlegt í stærðunum frá 290 x 320 mm til 480 x 530 mm.



Mynd 5.11. Sæti fyrir ErgoMedic Plus.

ErgoMedic Coxit


ErgoMedic Coxit er coxit-sæti með flipum sem má stilla í mismunandi horn, sjá mynd 5.12. Sætið er fáanlegt í stærðunum frá 400 x 390 mm til 440 x 480 mm.



Mynd 5.12. Sæti fyrir ErgoMedic Coxit.

ErgoMedic Plus Coxit

ErgoMedic Plus Coxit er með auknum stillingarmöguleikum á coxit-sæti með flipum sem má stilla í mismunandi horn og upphækkuðum brúnum til bæta álagsdreifingu, sjá mynd 5.13. Sætið er fáanlegt í stærðunum frá 400 x 390 mm til 440 x 480 mm.



Mynd 5.13. Sæti fyrir ErgoMedic Plus Coxit.

5.5. Handvirk hæðarstilling

Handvirk hæðarstilling er gerð í tveimur þrepum: venjulegri sethæð og lágrí sethæð. Þessar stillingar má gera fyrir þrenns konar þyngd notanda, þ.e. 0–55 kg, 55–90 kg og 90–150 kg. Handvirk hæðarstilling er gerð með gasfjöðrunarstýringu. Hæðarstilling er einnig hægt að framkvæma sem rafknúna aðgerð, sjá nánar í 5.3. Rafknúnar aðgerðir.


ATHUGIÐ! Notendur með litla líkamsþyngd þurfa hugsanlega aðstoð við að nota gasfjöðrunarstýrða hæðarstillingu.

Gasfjöðrunarstýring

Stýring fyrir hæðarstillingu getur verið staðsett undir sætinu (staðalútfærsla) eða undir armstoð (valbúnaður). Stýringuna má staðsetja bæði hægra og vinstra megin.

Stilling:

1. Losaðu stýringuna með því að draga gasfjöðrunarstýrða lyftibúnaðinn að þér og velja æskilega hæð, með fætur á gólfí.
2. Læstu stólnum í þeirri hæð með því að sleppa stýringunni.



Mynd 5.14. Gasfjöðrunarstýring fyrir hæðarstillingu.

5.6. Handvirk stilling sætishalla


Handvirka stillingu sætishalla (aukabúnaður) má gera í þremur þrepum notanda, þ.e. venjulega (15° fram, 8° aftur á bak), öfugan sætishalla (8° fram, 15° aftur á bak) og sætishalla aftur á bak (0° fram, 23° aftur á bak). Þegar sætishalli er stilltur aftur á bak (0° fram, 23° aftur á bak) verður varan að vera með framlengingu á undirstöðu. Sjá nánar í 5.13. Undirstaða. Stólinn er einnig hægt að grunnstilla fyrir sætishalla með fastri legu sem festir sætið án nokkurs halla (0°). Handvirka sætisstöðu er hægt að stilla með sveifarstýringu eða gasfjöðrunarstýringu. Stillingu sætishalla er einnig hægt að framkvæma sem rafknúna aðgerð, sjá nánar í 5.3. Rafknúnar aðgerðir.

Gasfjöðrunarstýring

Gasfjöðrunarstýring getur verið staðsett við aftari brún sætis vinstra megin eða undir vinstri armstoð, eins og sýnt er á mynd 5.15.

Stilling:

1. Færðu stýringuna upp á við til að losa gasfjöðrunina, stilltu sætishallann með þyngd efri hluta líkamans fram á við og aftur á bak þar til æskilegri stillingu er náð.
2. Sleptu stýringunni til að festa sætishallann.




Mynd 5.15. Gasfjöðrunarstýring til að stilla sætishalla.

Sveifarstýring

Sveifarstýring er staðsett undir aftari brún sætisins, sjá mynd 5.16.

Stilling:

1. Snúðu stýringunni til hægri til að stilla sætishalla fram.
2. Snúðu stýringunni til vinstri til að stilla sætishalla aftur á bak.



Mynd 5.16. Sveifarstýring fyrir sveifarhalla.

5.7. Coxit-búnaður


Coxit-búnaður er með hornstillanlegum flipum sem hægt er að halla niður að hámarki 45° . Fliparnir eru stilltir með handfangi.

Á stólum sem eru grunnstilltir án sætishalla er stýringin fyrir coxit-búnaðinn staðsett undir fremri brún sætisins, hægra og vinstra megin, sjá mynd 5.17. Á stólum sem eru grunnstilltir með sætishalla er stýringin fyrir coxit-búnaðinn staðsett undir aftari brún sætisins hægra og vinstra megin, sjá mynd 5.18.

Coxit-búnaður með stýringum undir frambrún sætisins

Stilling:

1. Losaðu handfangið og stilltu æskilegt horn á flipanum.
2. Dragðu handfangið út.




Mynd 5.17. Stýring undir fremri brún sætis til að stilla coxit-búnaðinn.

Coxit-búnaður með stýringu undir aftari brún sætis

Stilling:

1. Snúðu handfanginu réttsælis til að lækka flipann.
2. Snúðu handfanginu rangsælis til að hækka flipann.



Mynd 5.18. Stýring undir aftari brún sætis til að stilla coxit-búnaðinn.

5.8. Snúningur sætis


Snúningur sætis (valbúnaður) gerir kleift að snúna sætinu gagnvart undirstöðunni, í þrepnum +90° til -90°.

Snúningur sætis

Snúningsstýringin (A) er staðsett undir sætinu hægra megin, sjá mynd 5.19.

Tekið af eða sett á:

1. Snúðu stýringunni réttsælis til að aftengja.
2. Snúðu stýringunni rangsælis til að læsa henni. Þreifaðu á sætinu í snúningsstefnuna til að ganga úr skugga um að snúningslæsingin sé tryggilega fest í læstri stöðu.



Mynd 5.19. Snúningsstýring sætis.

ATHUGIÐ! Snúningur á að vera læstur þegar notandi sest í stólinn eða stendur upp úr honum.

5.9. Bakstoð


Bakstoðin er fáanleg í sex útfærslum, ErgoMedic, ErgoMedic Support (valbúnaður), ErgoMedic Plus (valbúnaður), ErgoMedic Plus með hliðarpúðum (valbúnaður), ErgoMedic Plus Comfort (valbúnaður) og ErgoMedic Plus Comfort með hliðarpúðum (valbúnaður). ErgoMedic og ErgoMedic Plus eru einnig fáanlegir með Slow recovery-áklæði (valbúnaður). ErgoMedic Plus með hliðarpúðum er einnig fáanlegur með sérstyrktum hliðarpúðum (valbúnaður).

Áklæði fyrir bakstoð er fáanlegt í fjórum gerðum efna: plussi, gervileðri (valbúnaður), mynstruðu, ofnu efni (valbúnaður) og efni til að tryggja hreinlæti (valbúnaður). Áklæði (fylgihlutur) úr plussi og efni til að tryggja hreinlæti er fáanlegt fyrir allar útfærslur á baki og öllum stærðum. Áklæði úr efni til að tryggja hreinlæti er með ytra byrði úr plussi og plastlagi að innanverðu. Fyrir frekari upplýsingar um áklæði og tiltæka liti, vinsamlegast farðu á heimasíðu okkar www.mercado.se. Yfirlit yfir fáanleg áklæði er að finna í skjalinu „Ergonomic seat systems for the REAL-chairs“.

ErgoMedic

ErgoMedic er bakstoð með svolítilli dæld, sjá mynd 5.20.


Bakstoðin er fáanleg í stærðunum 270 x 220 mm til 460 x 430 mm.



Mynd 5.20. ErgoMedic bakstoð.

ErgoMedic Support


ErgoMedic Support er bakstoð með svolítilli dæld með viðbótarbólstrun og auka lendarstoð, sjá mynd 5.21. Bakstoðin er fáanleg í stærðunum frá 350 x 430 mm til 460 x 430 mm.



Mynd 5.21. ErgoMedic Support bakstoð.

ErgoMedic Plus


ErgoMedic Plus er með auknum stillingarmöguleikum á bakstoð og upphækkuðum brúnum til bæta álagsdreifingu, sjá mynd 5.22. Bakstoðin er fáanleg í stærðunum 230 x 200 mm til 460 x 430 mm.



Mynd 5.22. ErgoMedic Plus bakstoð.

ErgoMedic Plus með hliðarpúðum


ErgoMedic Plus með hliðarpúðum er með mjög stillanlegri bakstoð og upphækkuðum hliðum til að bæta stöðugleika á hliðunum, sjá mynd 5.23. Bakstoðin er fáanleg í stærðunum 300 x 340 mm til 460 x 430 mm.



Mynd 5.23. Bakstoð fyrir ErgoMedic Plus með hliðarpúðum.

ErgoMedic Plus Comfort


ErgoMedic Plus Coxit er með auknum stillingarmöguleikum á bakstoð og upphækkuðum brúnum til bæta álagsdreifingu, sjá mynd 5.24. Bakstoðin er einnig með stillanlegri lendastoð sem veitir viðbótarstuðning við mjóbakið. Lendarstoðin er stillt með dælu. Bakstoðin er fáanleg í stærðunum frá 350 x 430 mm til 460 x 430 mm.



Mynd 5.24. ErgoMedic Plus Comfort.

ErgoMedic Plus Comfort með hliðarpúðum

ErgoMedic Plus Comfort með hliðarpúðum er með mjög stillanlegri bakstoð og upphækkuðum hliðum til að bæta stöðugleika á hliðunum, sjá mynd 5.25. Bakstoðin er einnig með stillanlegri lendastoð sem veitir viðbótarstuðning við mjóbakið. Lendarstoðin er stillt með dælu. Bakstoðin er fáanleg í stærðunum frá 350 x 430 mm til 460 x 430 mm.



Mynd 5.25. Bakstoð fyrir ErgoMedic Plus Comfort með hliðarpúðum.

5.10. Handknúinn búnaður fyrir bak

Handknúinn búnaður fyrir bak er fáanlegur í þremur útfærslum, staðalútfærslu, Medic (valbúnaður) og Comfort (valbúnaður). Þessar útfærslur eru fáanlegar í bæði lágum og háum gerðum. Stilling bakhalla er einnig hægt að framkvæma sem rafknúna aðgerð, sjá nánar í 5.3. Rafknúnar aðgerðir.

ATHUGIÐ! Búnaður fyrir bak sem sýndur er á mynd er á lágri gerð.

Staðalbúnaður

Í staðalútfærslu er hægt að stilla hæð (A), horn bakstoðar (B) og horn bakhalla (C), sjá mynd 5.26. Hægt er að stilla bakhallann á bilinu 15° fram til 30° aftur á bak.

Hæðarstilling:


1. Losaðu handfangið og veldu æskilega hæð fyrir bakið.
2. Dragðu út handfangið.

Stilling á horni bakstoðar:

1. Losaðu rofann og stilltu æskilegt horn.
2. Festu rofann.

Stilling á horni bakhalla:

1. Losaðu handfangið og stilltu æskilegt horn.
2. Hertu handfangið vel.



Mynd 5.26. Búnaður fyrir bak í staðalútfærslu.

Medic


Í Medic-útfærslu er hægt að stilla hæð (A), horn bakstoðar (B) og horn bakhalla (C) og dýpt (E), sjá mynd 5.28. Hægt er að stilla bakhallann á bilinu 15° fram til 45° aftur á bak.

Nánari upplýsingar um stillingar á hæð og horni bakstoðar og bakhalla eru í kaflanum um búnað fyrir bak í staðalútfærslu.

Dýptarstilling:

1. Losaðu handfangið og stilltu æskilega dýpt.
2. Hertu handfangið vel.

ATHUGIÐ! Gakktu úr skugga um að búnaður fyrir bak í Medic-útfærslunni gangi inn í festinguna þannig að loftnippillinn læsist og ekki sé hægt að draga bakið úr.



Mynd 5.28. Búnaður fyrir bak í Medic-útfærslu.


Comfort

Í Comfort-útfærslu er hægt að stilla hæð (A) og horn bakstoðar (B) og stjórna bakhalla með gasfjöðrunarstýringu (D), sjá mynd 5.27. Hægt er að stilla bakstoð með gasfjöðrun með stjórntækjum undir sætinu (staðalútfærsla) eða stjórntækjum undir armstoðum (valbúnaður). Hægt er að stilla bakhallann á bilinu 3° fram til 40° aftur á bak.

Nánari upplýsingar um stillingar á hæð og horni bakstoðar eru í kaflanum um búnað fyrir bak í staðalútfærslu.

Stilling bakhalla með gasfjöðrun með stýringu undir sæti eða armstoð:

1. Dragðu stýringuna fram ef notuð er stýring undir sæti, en upp ef notuð er stýring undir armstoð. Hallaðu efri hluta líkamans fram að æskilegu horni.
2. Sleptu stýringunni til að festa bakhallann.



Mynd 5.27. Búnaður fyrir bak í Comfort-útfærslu.


5.11. Armstoðarplata

Armstoðarplötur eru fáanlegar í fimm útfærslum, ErgoMedic, Mobil (valbúnaður), ErgoMedic Plus (valbúnaður), Hemiplegi (valbúnaður) og Extra soft (valbúnaður).

Áklæði fyrir armstoðarplötur er fáanlegt í fimm gerðum: gervileðri, plussi (valbúnaður), mynstruðu ofnu efni (valbúnaður), efni til að tryggja hreinlæti (valbúnaður) og ekta leðri (valbúnaður). Fyrir fólk með ofnæmi er mælt með leðuráklæði. Nánari upplýsingar um áklæði, efni og liti í boði er að finna á vefsíðu okkar, www.mercado.se. Yfirlit yfir fáanleg áklæði er að finna í skjalinu „Ergonomic seat systems for the REAL-chairs“.

ErgoMedic


Armstoðarplata fyrir ErgoMedic er með dæld að aftan til að veita stuðning við armkrikann. Lögun armstoðarplötunnar að framan tryggir gott grip þegar staðið er upp eða við flutning í og úr stólnum, sjá mynd 5.29. Armstoðarplatan er fáanleg í lengdum frá 250 mm til 400 mm.



Mynd 5.29. Armstoðarplata fyrir ErgoMedic.

Mobil


Mobil armstoðarplata er með aðeins þykkari svampi og er aðeins breiðari en armstoðarplatan á ErgoMedic. Platan er einnig breiðari við frambrúnina, sem veitir aukinn stuðning þegar notandinn sest niður eða stendur upp, sjá mynd 5.30. Armstoðarplatan er fáanleg í lengdum frá 250 mm til 400 mm.



Mynd 5.30. Armstoðarplata fyrir Mobil.

ErgoMedic Plus


Armstoðarplata fyrir ErgoMedic Plus er mótuð þannig að handleggirnir fái stuðning frá hliðunum, sem minnkar álag á efri hluta líkamans. Armstoðarplata er hönnuð vinnuvistfræðilega fram á við, til að minnka álag á úlnlið og lófa í hvíldarstöðu, auk þess sem hún vitir góðan stuðning við að setjast og standa upp, sjá mynd 5.31. Þessi armstoðarplata virkar einnig vel sem Hemiplegi-armstoð. Armstoðarplatan er fáanleg í lengdunum 300 mm og 420 mm.



Mynd 5.31. Armstoðarplata fyrir ErgoMedic Plus.

Hemiplegi


Armstoðarplata fyrir Hemiplegi er sérstaklega ætluð fyrir armstoðir á Hemiplegi-útfærslunni (valbúnaður), en með henni er hægt að snúa armstoðinni fram fyrir líkamann. Armstoðarplatan er með brúnum að innan- og utanverðu og er sérlega löng, til að veita stuðning við hönd, sjá mynd 5.32. Armstoðarplatan er fáanleg í lengdinni 450 mm.



Mynd 5.32. Armstoðarplata fyrir Hemiplegi.

Extra soft

Armstoðarplata fyrir Extra soft er svolítið breiðari plata, með sérlega mjúkum og þægilegum svampi. Armstoðarplatan er sérstaklega ætluð fyrir viðkvæma notendur, en gagnast einnig vel þeim sem þurfa að sitja lengi, sjá mynd 5.33. Armstoðarplatan er fáanleg í lengd frá 250 mm til 350 mm.



Mynd 5.33. Armstoðarplata fyrir Extra soft.

5.12. Búnaður fyrir armstoðir

Búnaður fyrir armstoðir er fáanlegur í þremur útfærslum: PLUS-armstoðir, niðurfellanlegar armstoðir (valbúnaður) og Hemiplegi-armstoðir (valbúnaður). Hemiplegi-armstoðir gera notanda kleift að snúa armstoðinni fram fyrir líkamann. Þetta er gagnlegt fyrir notendur sem hafa litla eða enga hreyfigetu í handlegg eða hendi.

Þegar sætishalli er notaður er hægt að setja armstoðina upp þannig að hún fylgi annað hvort með þegar horn sætisins er stillt, eða fylgi ekki með. Sjá nánar í 5.37. Armstoðir sem fylgja hornstillingu er staðalbúnaður fyrir rafknúinn sætishalla. Armstoðir sem ekki fylgja hornstillingu er staðalbúnaður fyrir handknúinn sætishalla. Hemiplegi-armstoðir ætti alltaf að setja upp þannig að þeir fylgi kyrrstöðu.

PLUS-armstoðir

PLUS-armstoðir er stillanlegar í hæð (A) og breidd (B), sjá mynd 5.34.

Hæðarstilling:


1. Losaðu handfangið og stilltu æskilega hæð.
2. Dragðu út handfangið.

ATHUGIÐ! Hertu handfangið á PLUS-armstoðinni vel.

Breiddarstilling:

1. Losaðu handfangið og stilltu æskilega breidd.
2. Hertu handfangið vel.

ATHUGIÐ! Ávísunaraðilinn ætti að annast breiddarstillingu armstoða, þar sem slík stilling getur slæm vinnuvistfræðileg áhrif í sitjandi stöðu, sé hún ekki rétt. Þetta á sérstaklega við ef varan er með hliðarstoðum.



Mynd 5.34. PLUS-armstoðir.


Niðurfellanlegar armstoðir

Hægt er að stilla hæð (A) og breidd (B) niðurfellanlegra armstoða og einnig er hægt að fella þær aftur á bak (C), sjá mynd 5.35.

Nánari upplýsingar um stillingu hæðar og breiddar, sjá PLUS-armstoðir.

Armstoð felld niður:

1. Dragðu hnappinn út, ef þess gerist þörf skal snúa hnappinum þannig að hann læsist í útdreginni stöðu.
2. Gríptu í armstoðina og snúðu armstoðinni aftur á bak til að fella hana niður.
3. Snúðu armstoðinni fram á við til að fella hana aftur á bak.
4. Gakktu úr skugga um að hnappurinn smelli í læsta stöðu. Ef hnappurinn smellur ekki í stöðuna skal snúa honum þar til hann læsist.



Mynd 5.35. Niðurfellanlegar armstoðir.


Hemiplegi-armstoðir

Hægt er að stilla hæð (A) og breidd (B) og snúning (C) Hemiplegi-armstoða, sjá mynd 5.36.

Nánari upplýsingar um stillingu hæðar og breiddar, sjá PLUS-armstoðir.

Snúningur armstoða:


1. Losaðu handfangið og snúðu því í æskilega stöðu.
2. Dragðu út handfangið.



Mynd 5.36. Hemiplegi-armstoðir.

Notkun á sætishalla

Armstoðir er hægt að setja upp þannig að þær fylgi horni sætisins (A) eða þær fylgi ekki horni sætisins (B).



Mynd 5.37. Staðsetning armstoða við notkun á sætishalla.

5.13. Undirstaða


Stólagerðir sem ætlaðar eru fullorðnum, þ.e. REAL 9000, 9100, 9700 og 9800 PLUS, eru með undirstöðunni 9000 PLUS 48. Undirstöðunni er bremsað fram², sem er staðall fyrir grunnstillingar með sætisbreiddinni 400–480 mm. Stólagerðir sem ætlaðar eru börnum, þ.e. REAL 9300 og 9400 PLUS, eru með undirstöðunni 9000 PLUS 43. Undirstöðunni er bremsað aftur á bak² sem nota má fyrir grunnstillingar með sætisbreiddinni 400 mm. Undirstaða fyrir 9000 PLUS 48 er einnig fáanleg í útfærslu með afturábakbremsu (valbúnaður). Einnig er hægt að nota framlengingu á undirstöðuna (valbúnaður), sem og fótastoð sem má fella upp (valbúnaður), sem fæst í 1/8- og 1/4-útfærslum. Fótahringur 1/8 er fáanlegur í hægri og vinstri gerð.

Fyrir aukinn hemlunaráhrif eða aukinn stöðugleika í hemlum er hægt að útbúa vöruna með standi með fjórum bremsufótum, Standi 9000 48 4-bremsað (valfrjálst).

Gerðin EVI er með sérstaka undirstöðu með hátt-lágt-aðgerð, bremsu, innbyggðri hæðarstillingu og sætishalla.

Undirstaða fyrir 9000 PLUS 48


Undirstaðan er með two bremsufætur og er bremsað fram, sjá mynd 5.38.



Mynd 5.38. Undirstaða fyrir 9000 PLUS 48.

Undirstaða fyrir 9000 PLUS 43


Undirstaðan er með tveimur bremsufótum og henni er bremsað að aftan, sjá mynd 5.39.



Mynd 5.39. Undirstaða fyrir 9000 PLUS 43.

Framlenging á undirstöðu

Framlengingu á undirstöðu er hægt að setja upp að framan eða að aftan, sjá mynd 5.40.




Mynd 5.40. Framlenging á undirstöðu.

² Fрамbremsa og afturbremsa ráða hvor fyrir sig staðsetningu bremsuhandfangsins í bremsustöðu. Oftast er það notandinn sjálfur sem notar frambremsuna. Oftast er það aðstoðarmanneskjan sjálf sem notar afturbremsuna.

Fótastoð sem hægt er að fella upp 1/4


Fótastoð sem hægt er að fella upp 1/4 er staðsett á fremri brún undirstöðunnar og er felld upp í einu lagi. Sjá nánar á mynd 5.41.



Mynd 5.41. Fótastoð 1/4.

Fótastoð sem hægt er að fella upp 1/8


Fótastoð sem hægt er að fella upp 1/8 er staðsett á fremri brún undirstöðunnar og er felld upp í einu lagi, sjá mynd 5.42.



Mynd 5.42. Fótastoð 1/8, vinstrimiðuð gerð.

Undirstaða með fjórum hemlum

Undirstaða fyrir 9000 PLUS 48 með fjórum hemlum er með fjóra hemlafætur og er hemlað aftur á bak, sjá mynd 5.43.



Mynd 5.43. Undirstaða með fjórum hemlum.


Undirstaða með hátt-lágt-aðgerð

Undirstaðan er með hemil fyrir hvert elthjól og innbyggða stillingu fyrir sætishæð og sætishalla, sjá mynd 5.44.

Sætishæð (A) og sætishalla (B) eru stillt með fótstigum aftan á undirstöðunni, sjá mynd 5.45. Fótstigin eru einnig með innbyggða læsingaraðgerð, sjá mynd 5.46.

Stillling sætishalla:


- Hallaðu vinstra fótstigi niður og dragðu sætiseininguna upp á við eða niður á við, í æskilega hæð.
- Sleptu fótstiginu til að læsa stöðunni.



Mynd 5.44. Undirstað með hátt-lágt-aðgerð.

Hemill settur á og tekinn af:

- Ýttu stýringunni á elthjólinu niður til að hemla. Hemilinn virkar á hvert elthjól fyrir sig.
- Ýttu stýringunni á elthjólinu upp til sleppa hemlinum.




Mynd 5.45. Fótstig fyrir stillingu sætishæðar og sætishalla.

Sætishalli stilltur:

- Ýttu hægra fótstigi niður og hallaðu sætiseiningunni í æskilegt horn.
- Sleptu fótstiginu til að læsa stöðunni.

Lásaðgerð fyrir fótstig gerð virk eða óvirk:

- Snúðu stýringu fótstigsins í fjórðung úr hring og sleptu henni svo, þannig að stýringin fari í læsta stöðu.
- Dragðu stýringuna út og snúðu henni í fjórðung úr hring til að setja stýringuna í læsta stöðu.



Mynd 5.46. Lásaðgerð fyrir fótstig.

5.14. Handknúinn hemill


Handknúinn hemill fæst í tveimur útfærslum, bremsuhandfang (350 mm er staðalútfærsla) og fótbremsa (valbúnaður). Bremsuhandfang er fáanlegt í tveimur gerðum, bremsuhandfang með hnappi og bremsuhandfang með lykkju. Bremsuhandfang með hnappi er til í þremur lengdum, 250 mm (valbúnaður), 350 mm (staðalútfærsla) og 450 mm (valbúnaður). Bremsuhandfang með lykkju (valbúnaður) er 530 mm á lengd. Þetta handfang er notað til að þrengja nauðsynlegt hreyfisvið fyrir handleggi við hemlun. Hemlun er einnig hægt að framkvæma sem rafknúna aðgerð, sjá nánar í 5.3. Rafknúnar aðgerðir.

Bremsuhandfang

Bremsuhandfang er hægt að staðsetja á hægri hlið (A) eða vinstri hlið (B) undirstöðunnar, sjá mynd 5.47.

Tekið af eða sett á:

1. Dragðu bremsuhandfangið í læsistöðu til að hemla.
2. Dragðu bremsuhandfangið í gagnstæða átt til að taka hemilinn af.




Mynd 5.47. Bremsuhandfang.

Stilling bremsuhandfangsfestingar:

Bremsuhandfangsfestingin er staðsett á undirstöðunni að utanverðu, við aftari hjólin hægra og vinstra megin. Til að geta hemlað á meðan armstoðir eru stilltar í fulla breidd er hægt að stilla bremsuhandfangsfestingarnar í fulla breidd, sjá mynd 5.48.

1. Notaðu 6 mm sexkantlykil til að losa skrúfuna á bremsuhandfangsfestingunni. Dragðu festinguna rólega út.
2. Festu skrúfuna í næsta skrúfugat og hertu vel með sexkantinum.



Mynd 5.48. Stilling bremsuhandfangsfestingar.


Fótremsa

Ef stóllinn er með fóthemli er hann á bremsuöxi undirstöðunnar, sjá mynd 5.49. Oftast er það aðstoðarmanneskjan sem notar afturhemilinn.

Tekið af eða sett á:

1. Ýttu niður í læsistöðu til að hemla.
2. Ýttu neðri hlið fótstigsins upp til að taka hemilinn af.

ATHUGIÐ! Hemillinn á að vera í læstri stöðu þegar notandi sest í stóllinn eða stendur upp úr honum.



Mynd 5.49. Fóthemill..

5.15. Sérnsniðin aðlögun

Ekki má nota aðra fylgihluti eða íhluti með vörunni en þá sem eru samþykktir af Mercado Medic. Ekki má gera neinar breytingar á CE-merkinu nema að fengnu samþykki Mercado Medic. Aðeins starfsfólk sem hefur fengjð þjálfun í viðhaldi og enduruppsetningu hjá Mercado Medic má annast stillingar.

Vörur Mercado Medic eru einingamiðaðar og hægt er að nota þær með margs konar aukabúnaði. Hvaða íhlutir eru fáanlegir og hvernig og í hvað þeir eru notaðir er að finna í skjalinu "Accessories" á www.mercado.se. Allan aukabúnað verður að setja upp og festa með þeim hætti að búnaðurinn haldist á sínum stað og komið sé í veg fyrir að smáir hlutir losni frá. Allar snúrur verður að festa með snúruböndum við undirstöður stólsins til að lágmarka hættu á að þær vefjist um háls.

Auk eigin vöru hefur Mercado Medic gert sölusamninga við ýmis fyrirtæki. Núverandi fyrirtæki og hvaða íhlutir eru skráðir undir kaflanum Sameiningarsamningar á www.mercado.se. Nota má fyrirliggjandi CE-merkingu á slíka íhluti.

Ef setja á upp íhlut sem ekki er að finna á lista yfir gilda samninga um samhæfa íhluti þarf að láta til þess bæra aðila framkvæma áhættumat, sem og taka við vöruábyrgð af Mercado Medic, að því er varðar þann íhlut. Ef nota á íhlut frá þriðja aðila oft með þessari vöru er hægt að senda Mercado Medic fyrirspurn um möguleika á að Mercado Medic geri samning um samhæfa íhluti varðandi umræddan íhlut. Íhluturinn sem á að meta er þá sendur til Mercado Medic, sem leggur mat á hvort ástæða sé til að gera

slíkan samning. Því næst er framkvæmt áhættumat fyrir þá notkunarsamsetningu sem um ræðir. Að áhættumati loknu fær viðskiptavinur skriflegar niðurstöður í málinu og nýr samningur um notkunarsamsetningu er gerður. Samsetningarsamningurinn er kynntur á heimasíðunni www.mercado.se.

Ef eftirfarandi viðmiðunarreglum er fylgt við einstaklingsmiðaða aðlögun á vörunni, af hálfu vottaðra starfsmanna hjá öðru fyrirtæki en Mercado Medic, heldur Mercado Medic vöruábyrgð á vörunni.

- Stilla má bólstraða hluta, svo sem sæti, bakstoðir, armstoðir, hliðarstoðir, búkstoðir og höfuðpúðar, svo fremi sem ekki er farið yfir núverandi ytri stillingaviðmið vörunnar.
- Gæta þarf þess að lyftibúnaður taki mið af þyngdarmiðju notanda.
- Bólstraðir hlutar verða að uppfylla gildandi kröfur um eldheldni og umhverfiskröfur. Ef nota á sætisessu frá þriðja aðila verður varan að vera með sætisplötu með skrikvörn í samsvarandi stærð, til að tryggja öryggi við notkun.
- Fletir sem verða fyrir umtalsverðu álagi ofan frá mega ekki vera utan við þann hluta yfirborðsflatar sem miðpunktar hjólanna afmarka.

Ef gerðar eru breytingar á vörum sem ekki falla undir ofangreindar viðmiðunarreglur verður Mercado Medic að sannvotta vöruna, til að varan falli áfram undir vöruábyrgð Mercado Medic.

Vöruábyrgð á vörum sem hafa verið sérstilltar

af heilbrigðisstarfsmanni, á annan hátt en Mercado Medic mælir fyrir um, færst yfir á viðkomandi stofnun þar til varan hefur verið endurstíllt að upprunalegri stillingu eða tekin úr notkun. Mercado Medic endurheimtir síðan vöruábyrgð í samræmi við CE-merkingu gegn reglugerð um lækningatæki (ESB) 2017/745, MDR.

Ef spurningar vakna varðandi einstaklingsbundnar sérstillingar skal hafa samband við vörustjóra hjá Mercado Medic með því að nota samskiptaupplýsingar fyrir aðalskrifstofu í kafla 1.1. Tengiliðaupplýsingar.

6. Mikilvægar öryggisupplýsingar

Á vefsíðu okkar, www.mercado.se, er að finna upplýsingar um notendatilkynningar um öryggismál eða innköllun á vöru og aukabúnaði.

6.1. Staðlar og flokkun

Vinnustólar Mercado Medical eru CE-merktir í samræmi við reglugerð um lækningatæki (ESB) 2017/745, MDR og reglugerðir Lyfjastofnunar fyrir lækningatæki LVFS 2003: 11. Vörurnar eru lækningatæki, í samræmi við skilgreininguna í 2. gr. MDR. Vörurnar eru flokkaðar sem ekki ífarandi lækningatæki í flokki 1 samkvæmt 1. mgr. Virkar aðgerðir þeirra útfærslna vörunnar sem eru með rafknúnar aðgerðir er ekki talinn hafa áhrif á flokkunina.

Varan er prófuð og samþykkt í samræmi við eftirfarandi staðla:

- EN 12182:2012
- IEC 60601-1:2005 + A1:2012
- EN 60601-1-2:2015
- EN 60601-1-11:2015 + A1:2020
- EN 1335-1:2000
- EN 1335-2:2009
- EN 1335-3:2009

Auk þess eru eftirfarandi staðlar notaðir við vöruþróun:

- EN 1041:2008 + A1:2013
- EN ISO 14971:2020

Öll textílefni í vörunni eru prófuð og samþykkt í samræmi við eftirfarandi staðla fyrir brunavarnir:

- EN 1021-1: 2014 (kveikjugjafi: glóandi sígarett)
- EN 1021-2:2014 (kveikjugjafi: gaslogi sem jafngildir logandi eldspýtu)

Neðri hlið sætis og armstoðir eru þó ekki brunavarin, þar sem þessir hlutar eru úr viði án klæðingar. Allir aðrir fletir eru úr málmi eða klæddir textílefni með brunavörn. Armstoðir, sæti, bakstoðir ofl. eru hönnuð og framleidd án eiturefna og ofnæmisvalda.

Gerðir með rafknúnum aðgerðum eru flokkaðar samkvæmt IEC 60601-1:2005, sem lækningatæki sem er nytjahlutur („Applied Part“, samkvæmt skilgreiningu í staðlinum) af gerð B í varnarflokk II, með innri straumgjafa.

Gerðir með rafknúnum aðgerðum uppfylla kröfur fyrir rafmagnsvarnarflokk IP21. Fyrsta talan (2) táknað snertivörn fyrir fingur, sem merkir að ekki er hægt að komast í snertingu við neina hættulega íhluti með fingrum eða öðru slíku. Önnur talan (1) táknað vatnsvörn lóðrétt, eða að varan þoli vatnsbunur í stuttan tíma ofan frá.

Upplýsingar um EMC má finna á heimasíðunni okkar, www.mercado.se.

6.2. Viðvaranir



Viðvörun! Ef afköst vörunnar minnka eða breytast ætti notandi vörunnar að hafa samband við ávisunaraðila, hjálpartækjamiðstöð eða dreifingaraðila. Vöru með skert eða breytt afköst skal tafarlaust taka úr notkun til að forðast óheppileg atvik eða slys. Ekki má nota vöruna aftur fyrr en viðurkenndur tæknimaður hefur skoðað vöruna.



Viðvörun! Aðeins einstaklingurinn sem varan er ætluð skal nota vöruna í þeim tilgangi sem hún er ætluð fyrir. Slíkt er gert til að tryggja öryggi vörunnar. Stóllinn er stilltur til notkunar fyrir einn notanda. Ef stillingum er breytt getur þetta haft áhrif á setstillingu notandans, sem getur leitt til slysa.



Viðvörun! Ekki er heimilt að gera breytingar á vörunni upp á eigin spýtur. Ef breyta þarf stillingum fyrir viðkomandi notanda skal hafa samband við ávisunaraðilann eða dreifingaraðilann. Ef vörunni er breytt fellur CE-merking hennar úr gildi og Mercado Medic getur ekki lengur tekið fulla ábyrgð á vörunni. Breytingar geta skert öryggi vörunnar og orsakað óæskileg tilvik og slys.



Viðvörun! Stóllinn er hugsanlega með löngum snúrum eða vírum sem ekki er hægt að festa fullkomlega nema skerða virkni stólsins. Hugsanleg hætta er á að snúrur eða vírar vefjist um háls t.d. lítt barna. Aldrei má skilja vöruna eftir eftirlitslausa nálægt börnum.



Viðvörun! Farsímar og annar fjarskiptabúnaður getur truflað rafknúnar gerðir.



Viðvörun! Varan inniheldur ýmsa smáhluti sem geta losnað, svo sem skrúfur. Slíkir smáhlutir gefa orsakað köfnunarhættu fyrir börn og gæludýr.



Viðvörun! Málmfletir á stólnum geta orðið mjög heitir ef sólin skín á þá. Ef húð kemst í snertingu við heita fleti getur það valdið brunasárum. Forðastu að láta málmfleti á vörunni standa í beinu sólarljósi.



Viðvörun! Gakktu alltaf úr skugga um að stóllinn sé í bremsu þegar notandi sest í hann eða stendur upp úr honum. Ef stóllinn er ekki í bremsu er hætta á að stóllinn renni til þegar notandi stendur upp eða sest, sem getur orsakað meiðsli við fall.



Viðvörun! Aðeins starfsfólk sem hefur hlotið vottun Mercado Medic AB er heimilt að sinna viðgerðum eða annarri tæknilega vinnu. Þegar slíku er ekki fylgt fellur CE-merking vörunnar úr gildi og Mercado Medic getur ekki lengur tekið fulla ábyrgð á vörunni.



Viðvörun! Ekki má setja meiri þyngd á vöruna en sem nemur hámarkslíkamsþyngd notandans. Hætta er á að endingartíminn stytist og íhlutir falli í sundur ef meiri þyngd er sett á vöruna. Í tilvikum þegar varan er útsett fyrir meiri þyngd en ráðlagt er skal vottað starfsfólk framkvæma heildarmat, sjá 6.3. Áætlaður endingartími, til að ganga úr skugga um að áfram sé öruggt að nota vöruna.



Viðvörun! Rafknúnar gerðir eru búnar rafknúnum lyftibúnaði sem lyftir notandanum tiltölulega hátt upp og slíkt getur skapað hættu. Þegar notandinn getur ekki komist úr stólnum í hæstu stöðu, má sætishæðin aldrei vera hærri en svo að fæturnir nemi við gólfíð. Hægt er að gera undantekningu ef notandinn getur fengið tæknilega aðstoð hjá heimaþjónustu eða í gegnum síma.



Viðvörun! Aðeins má nota rafhlöður og hleðslutæki frá Mercado Medic, sem hafa verið prófuð og samþykkt með vörunni, á gerðum með rafmagnsvirkni. Þegar önnur hleðslutæki eða rafhlöður eru notuð gildir CE-merkingin ekki og Mercado Medic getur ekki lengur boríð fulla vöruábyrgð í málum er varða rafhlöðu, hleðslu eða önnur raftæki.



Viðvörun! Ekki má nota aðra fylgihluti eða íhluti með vörunni en þá sem eru samþykktir af Mercado Medic. Ekki má gera neinar breytingar á CE-merkinu nema að fengnu samþykki Mercado Medic. Frekari upplýsingar um notkun íhluta frá öðrum framleiðendum er að finna í hluta 5.15. Sérnsniðin aðlögun.



Viðvörun! Ekki má tengja neitt annað en rafbúnað sem er sérstaklega hannaður af Mercado Medic við tengin í stýrikerfinu. Rangir íhlutir kunna að falla í sundur og valdið meiðslum hjá notandanum. Frekari upplýsingar um notkun íhluta frá öðrum framleiðendum er að finna í hluta 5.15. Sérnsniðin aðlögun.



Viðvörun! Viðhafa verður gát við samsetningu, tengingar eða sundurhlutun íhluta. Hætta er t.d. á að klemmast ef íhlutir eru meðhöndlaðir á rangan hátt. Slík vinna skal því eingöngu vera í höndum tæknimanns sem hlotið hefur vottun frá Mercado Medic.



Viðvörun! Festa verður alla íhluti vörunnar tryggilega þannig að engin hætta sé á að losni um minni íhluti. Allar snúrur verður að festa með snúruböndum við undirstöður stólsins til að lágmarka hættu á að þær vefjist um háls.

6.3. Áætlaður endingartími

Áætlaður endingartími vörunnar er 10 ár þegar hún er notuð í samræmi við þessar notkunarleiðbeiningar. Áætlaður endingartími vörunnar miðast við framleiðsludagsetningu hennar. Framleiðsludagsetning vörunnar kemur fram á einum af silfurlituðu merkingunum á undirstöðu vörunnar á sniðinu ÁÁÁÁ-MM (ár og mánuður), sjá skýringarmynd 6.1. Á merkingunni er einnig að finna raðnúmer og auðkennnisnúmer vörutegundarinnar (UDI-DI).



Mynd 6.1. Raðnúmer, UDI-DI og framleiðsludagsetning á merkingu.

ATHUGIÐ! Hafið samband við ávisunaraðila eða dreifingaraðila til að fá aðstoð við að auðkenna vöruna ef merkingin með raðnúmerinu og framleiðsludagsetningunni er skemmd eða máð, sjá 1.1.

Tengiliðaupplýsingar. Þegar pöntunarnúmerið eða raðnúmerið er fundið skal hafa samband við Mercado Medic og fá nýja merkingu.

Áætlaður endingartími aukabúnaðarins sem Mercado Medic afhendir með vörunni er 10 ár, nema annað sé sérstaklega tekið fram í meðfylgjandi leiðbeiningum.

Áætlaður endingartími rafhlöðu vörunnar er 5 ár ef varan er hlaðin samkvæmt þessum notkunarleiðbeiningum, sjá 2.3. Hleðsla.

Á mörkuðum utan Svíþjóðar og Noregs þar sem söluaðilar selja vörur beint til notenda og engin ávisunaraðili er til staðar, verður að sinna reglubundinni viðhaldsvinnu á a.m.k. 2 ára fresti á meðan áætlaða endingartímanum stendur og eftir að honum lýkur. Sinna skal viðhaldsvinnu og viðgerðum samkvæmt þessum notkunarleiðbeiningum, sjá 8. Viðhaldsvinna og enduruppsetning, samkvæmt heildarmati hér að neðan.

Þegar áætluðum endingartíma lýkur getur Mercado Medic ekki borið ábyrgð á nytsemi og öryggi vörunnar, í ljósi þess að Mercado Medic gat hvorki haft stjórн á því hvernig varan var notuð né sliti hennar. Þegar áætluðum endingartíma lýkur getur Mercado Medic ekki borið ábyrgð á framboði varahluta.

Heildarmat

Mikilvægt er að heildarmat fari fram er áætluðum endingartíma vörunnar lýkur og áður en notkun heldur áfram. Heildarmat skal unnið af vottuðu starfsfólki hjá heilbrigðisstofnun ef vörunni var ávísað og skal að lágmarki taka tillit til eftirfarandi atriða:

- hvernig varan var notuð,
- ástand vörunnar og innsendra íhluta,
- hvernig varan var sett saman að nýju og hvernig viðhaldsvinnu var háttar,
- hvort enduruppsetningu og viðhaldsvinnu hafi verið sinnt,
- hvaða atriði voru lagfærð við áðurnefnda vinnu,
- auk ástæðna fyrir slíkri vinnu.

Þegar áætluðum endingartíma lýkur skal reglubundið viðhald eiga sér stað á a.m.k. 2 ára fresti samkvæmt þessum notkunarleiðbeiningum, sjá 8. Enduruppsetning og viðhaldsvinna samkvæmt heildarmatinu hér á undan.

6.4. Tilkynningar um tilvik eða atvik sem valda skaða eða skemmdum

Mercado Medic framleiðir lækningataeki innan ESB og þar af leiðandi ber fyrirtækinu skylda til að fylgja eftir hvernig vörur þess virka við notkun.

Áður en vörur okkar hljóta CE-merkingu og eru settar á markað höfum við tekið tillit til hættu sem vörurnar geta skapað og gert nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr slíkri hættu, svo framarlega sem slíku er við komið. Þrátt fyrir slíkar ráðstafanir kunna óhöpp og önnur tilvik að henda við notkun varanna. Þegar slíkt gerist er afar mikilvægt að senda tilkynningu til Mercado Medic og viðeigandi innlendra eftirlitsstofnanna. Notið samskiptaupplýsingarnar sem koma fram í þessum notkunarleiðbeiningum til að senda tilkynningu, sjá 1.1. Tengiliðaupplýsingar. Ráðlegt er að senda tölvupóst til að hraða fyrir afgreiðslu.

7. Tæknilegar upplýsingar

Í þessum hluta er að finna lýsingu á málum og afkastagetu vörunnar auk lýsingar á táknum sem er komið fyrir á vörunni.



Viðvörun! Aðeins starfsfólki sem hefur hlotið vottun Mercado Medic AB er heimilt að sinna viðgerðum eða annarri tæknilega vinnu. Þegar slíku er ekki fylgt fellur CE-merking vörunnar úr gildi og Mercado Medic getur ekki lengur tekið fulla ábyrgð á vörunni.

Líkamsþyngd notanda

Gerð	Hámark	
REAL 9000 PLUS og REAL 9700 PLUS	150 kg	
REAL 9100 PLUS og REAL 9800 PLUS	150 kg	
REAL 9300 PLUS og REAL 9400 PLUS	75 kg	
EVI	50 kg	



Viðvörun! Ekki má setja meiri þyngd á vöruna en sem nemur hámarkslíkamsþyngd notandans. Hætta er á að endingartíminn styttist og íhlutir falli í sundur ef meiri þyngd er sett á vöruna. Í tilvikum þegar varan er útsett fyrir meiri þyngd en ráðlagt er skal vottað starfsfólk framkvæma heildarmat, sjá 6.3 Áætlaður endingartíma, til að ganga úr skugga um að öruggt sé að nota vöruna áfram.

Vörueiginleikar allra gerða

	REAL 9000 PLUS	REAL 9100 PLUS	REAL 9700 PLUS	REAL 9300 PLUS	REAL 9400 PLUS	EVI
Breidd	480 mm ¹			430 mm ¹		440 mm ¹
Hæð	550 mm			550 mm		570 mm
Heildarhæð	600 – 1030 mm ²			600 – 1030 mm ²		690 – 1070 mm ³
Sætishæð	320 – 750 mm ⁴			320 – 750 mm ⁴		235 – 615 mm
Sætisbreidd	400 – 480 mm			290 – 400 mm		290 – 330 mm
Sætisdýpt	390 – 530 mm			320 – 480 mm		320 – 350 mm
Sætishalli	0, -15°/+8°, -8°/+15°, 0°/+23°, -15°/+15° ⁵			0, -15°/+8°, -8°/+15°, 0°/+23°, -15°/+15° ⁵		0/+34° ⁵
Hæð bakstoðar	200 – 430 mm			200 – 430 mm		200 – 340 mm
Breidd bakstoðar	350 – 460 mm			230 – 360 mm		230 – 300 mm
Hallastilling fyrir bak	-15/+30°, -3/+40°, -15/+45°, -23/+28° ⁵			-15/+30°, -3/+40°, -15/+45°, -23/+28° ⁵		-15/+45° ⁵
Eltihjól	Ø 100 mm			Ø 100 mm		Ø 100 mm
Þyngd	20 – 38 kg			20 – 38 kg		U.p.b. 25 kg
Hámarkshalli á undirlagi við hemlun	5° ⁶			5° ⁶		2° ⁶

Eiginleikar allra rafknúinna gerða

Rafhlaða	805320 Rafhlöðupakki 2,6Ah 24V f stjórnerfi
Gerð rafhlöðu	Lokuð blýrafhlaða með yfirþrýstingsloka
Spenna rafhlöðupakka	24V (2 stk. raðtengdar 12V-rafhlöður)
Hleðslutæki	805265 Hleðslutæki 9000 30V fyrir vinnustóla 24V 1,5G

Hægt er að færa lyftibúnað fullhlaðinnar vöru upp í hæstu stöðu og aftur niður allt að 180 sinnum með 80 kg hlassi, eða allt að 135 sinnum með 150 kg hlassi.

Hægt er að nota rafknúnar aðgerðir, fyrir utan hækjun og lækkun, í allt að 10% af notkunartímanum (hámark 2 mín./20 mín.). Rafeindabúnaðurinn mælir rafmagnsvirknina og lokar fyrir hana ef farið er yfir þessi tímamörk. Aðgerðirnar virkjast sjálfkrafa á ný ef heildarnotkunartími síðustu 20 mínútna er styttri en 2 mínútur.

¹ Hægt er að breikka vöruna með því að stilla breidd sætisins og bakstoðarinnar.

² Heildarhæð með ErgoMedic-bakstoð 380 x 260 mm.

³ Heildarhæð með ErgoMedic-bakstoð 250 x 340 mm.

⁴ Ólíkar gerðir lyftibúnaðar eru notaðar til að hækka sætið.

⁵ Neikvætt horn (-) merkir halla fram á við og jákvætt horn (+) táknað halla aftur á við.


⁶ Gildir um hreyfingu í allar áttir.

7.1. Tákn

Eftirfarandi tákn birtast á stjórntækjum, merkingum eða í þessum notkunarleiðbeiningum stólsins. Samantekt á staðsetningum tákna er að finna á skýringarmynd 7.1-7.5.

Nr. Handstýrð stjórntæki


1		Sætishæð upp/niður
2		Sætishalli fram/aftur
3		Halli á baki fram/aftur



Nr. Rafknúinn stjórntæki og stjórnkassi

4		Gaumvísir rafhlöðuendingar
5		Viðvörunarljós
6		Sætishæð upp/niður
7		Sætishalli fram/aftur
8		Halli á baki fram/aftur
9		Hemill af/á
10		Hleðsluinnstunga
11		Inntak fyrir stjórntæki
12		Tenging fyrir rafmagnslyftibúnað
13		Tenging fyrir sætishalla


Mynd 7.1. Yfirlit tákna á stjórntækjum handknúinna gerðar.



Mynd 7.2. Yfirlit tákna á stjórntækjum rafknúinna gerðar.

Nr. Rafknúinn stjórntæki og stjórnkassi

14		Tenging fyrir halla á baki
15		Tenging fyrir hemil
16		Lesið notkunarleiðbeiningarnar fyrir notkun


**Nr. Merkingar og notkunarleiðbeiningar**

17		Viðvörun
18		Viðvörun, hætta á að klemmast
19		Má ekki strauja
20		Notið ekki sterkari burrhreinsunarvökva en perklórat
21		Notið ekki klórbleikiefni
22		EKKI setja í þurrkara
23		þvoið í þvottavél við 60 °C
24		Verjið gegn raka
25		Meðhöndlið með gát
26		Þessi hlið skal snúa upp
27		Leyfilegt hitastig

Mynd 7.3. Yfirlit tákna á merkingum.



Mynd 7.4. Yfirlit tákna á þvottamerkingum. Tákn 19 – 23.



Mynd 7.5. Yfirlit tákna á umbúðum. Tákn 24 – 28.

Nr. Merkingar og notkunarleiðbeiningar

28		Leyfilegt rakastig
39		Leyfileg hæð yfir sjávarmáli
30		Eingöngu til notkunar innanhúss
31		Hámarksþyngd notanda
32		Framleiðsludagsetning
33		Framleiðandi
34		Lækningatæki (Medical Device)
35		Raðnúmer
36		CE-merking sem tilgreinir að stóllinn uppfyllir kröfur í evrópskum lögum og reglugerðum
37		Varan flokkast sem nytjahlutur (Applied Part) af gerð B samkvæmt IEC 60601-1:2005
38		Farga skal rafeindabúnaði á sérstökum endurvinnslustöðvum
39		Varan er hluti af endurvinnslukerfi
40		Þyngd íhluta er meiri en 10 kg
41		Eltihjól

42		Dreifingaraðili
43		Vörunúmer

8. Viðhaldsvinna og enduruppsetning

Þessi hluti inniheldur lýsingu á skoðun vörunnar og bilanaleit, upplýsingar um rafhlöðuskipti og leiðbeiningar varðandi enduruppsetningu vörunnar. Leiðbeiningar um bilanaleit eru ætlaðar öllum notendum vörunnar og seinni hluti leiðbeininganna er ætlaður fagaðilum sem sinna viðhaldsvinnu eða viðgerðum á slíkum íhlutum á meðan endingartíma vörunnar stendur.

ATHUGIÐ! Notandi má ekki sitja á eða í vörunni á meðan enduruppsetning, viðgerðir eða viðhaldsvinna fer fram.

Skoðun fyrir notkun

Þegar viðhaldsvinnu er sinnt skal ávallt framkvæma ítarlega sjónræna skoðun á helstu íhlutum vörunnar til að tryggja öryggi sjúklinga. Helstu íhlutir vörunnar eru m.a. undirstaða, hemill, lyftibúnaður, setugrind, bakhalli og búnaður armstoða. Einnig skal skoða suðuhluta, læsanlegar aðgerðir og stillingar.

Við skoðun á PLUS-undirstöðu skal skoða suðuhluta á milli fremri og aftari fóta. Hugsanlega verður að skipta um undirstöðu eða skipta um vöru ef ummerki eru um sprungur í efninu eða mislitun kemur í ljós á þessu svæði. Notið fullnæggjandi lýsingu og stækkunargler því erfitt getur reynst að koma auga á sprungur á svartlökkum undirstöðum.

Þegar hemlun vörunnar er léleg skal athuga jafnvægi undirstöðunnar og kanna ástand hemlafótanna. Takið vöruna umsvifalaust úr notkun ef varan hvílir ekki fullkomlega á öllum fjórum fótunum í hemlalausri stillingu. Athugið jafnvægi undirstöðunnar á fleiri stöðum og í aðrar áttir til að útiloka að halli gólfssins hafi áhrif á vöruna.



Viðvörun! Aðeins starfsfólki sem hefur hlotið vottun Mercado Medic AB er heimilt að sinna viðgerðum eða annarri tæknilega vinnu. Þegar slíku er ekki fylgt fellur CE-merking vörunnar úr gildi og Mercado Medic getur ekki lengur tekið fulla ábyrgð á vörunni.



Viðvörun! Ef afköst vörunnar minnka eða breytast ætti notandi vörunnar að hafa samband við ávísunaraðila, hjálpartækjamiðstöð eða dreifingaraðila. Vöru með skert eða breytt afköst skal tafarlaust taka úr notkun til að forðast óheppileg atvik eða slys. Ekki má nota vöruna aftur fyrr en viðurkenndur tæknimaður hefur skoðað vöruna.

8.1. Leiðbeiningar um bilanaleit

Hugsanlega er þörf á viðhaldsvinnu eða viðgerðum ef engin af eftirfarandi aðgerðum koma að gagni. Hafið samband við þjónustuver hjálpartækja eða beint samband við Mercado Medic, sjá 1.1. Tengiliðaupplýsingar.

Bilanaleit rafknúinna aðgerða

Einkenni	Orsök	Úrræði
Stjórnkassinn gefur frá sér hljóðmerki.	Lítið eða mjög lítið er eftir af rafhlöðu vörunnar.	Hlaðið rafhlöðu vörunnar, sjá 2.3. Hleðsla.
Viðvörunarljósið blikkar á handstýringunni.	Notkunartími, eða hámarkstíminn sem hægt er að nota rafknúna aðgerð er nálægt viðmiðunarmörkum. Sjá 7. Ítarlegri lýsingu er að finna í tæknupplýsingum.	Látið vöruna standa í nokkurn tíma, að öðrum kosti slokknar á rafknúnum aðgerðum þar til varan hefur endurheimt sig.
Rafknúnar aðgerðir virka ekki. Viðvörunarljósið blikkar þegar ýtt er á hnapp handstýringarinnar.	Varan hefur verið notuð of lengi í einu, sjá 7. Tæknilegar upplýsingar. Þegar farið er yfir viðmiðunarmörkin slokknar á öllum rafknúnum aðgerðum fyrir utan rafknúnar hæðastillingu. Ekki er hægt að nota aðgerðirnar á ný fyrr en kerfið hefur endurheimt sig.	Varan er óstarfhæf þar til kerfið hefur endurheimt sig. Slíkt getur tekið allt að 20 mín.
Viðvörunarljósið logar á handstýringunni.	Hnappalásinn er virkur.	Til setja á eða taka af hnappalás fyrir tiltekna aðgerð skal halda báðum hnöppum fyrir þá aðgerð niðri í minnst 3 sekúndur. Hver aðgerð hefur sérstakan hnappalás.
Viðvörunarljósið logar á handstýringunni.	Innri villa kom upp.	Kerfið er núllstellt sjálfkrafa eftir 10 sekúndur. Allar aðgerðarásir opnast að nýju og það slokknar á viðvörunarljósinu ef villan hefur verið lagfærð.
Rafknúnar aðgerðir virka ekki. Engin handstýring er notuð eða gaumljósin á handstýringunni tilgreina hvorki lága stöðu rafhlöðu eða gefa viðvörun.	Hlaða verður eða virkja verður rafhlöðuna. Ráðlagt er að taka rafhlöðuna úr sambandi til að lengja endingartíma hennar ef ætlunin er að setja vöruna í geymslu í 7 daga eða lengur.	Hlaða skal rafhlöðuna eða virkja hana með því að tengja hleðslutækið. Ráðlagt er að hlaða rafhlöðuna að fullu þegar slíkt er gert. Nog er að tengja hleðslutækið í u.p.b. 5 sekúndur til að ræsa.

Einkenni	Orsök	Úrræði
Rafknúnar aðgerðir virka ekki. Gaumljósíð tilgreinir að lítið er eftir á rafhlöðu við notkun handstýringar.	Innri rafhlöður vörunnar eru tómar eða gallaðar.	Hlaðið rafhlöðu vörunnar, sjá 2.3. Hleðsla. Skipta verður um rafhlöðurnar ef hleðsla kemur ekki að gagni, sjá 8.2. Rafhlöðuskipti.
Rafknúnar aðgerðir virka ekki þegar ýtt er á hnappa þráðlausu fjarstýringarinnar.	Rafhlöðurnar í þráðlausu fjarstýringunni eru tómar eða gallaðar.	Skiptið um rafhlöðurnar í þráðlausu fjarstýringunni, sjá 8.2. Rafhlöðuskipti.
Rafknúnar aðgerðir virka ekki þegar ýtt er á hnappa þráðlausu fjarstýringarinnar.	Fjarstýringin og IR-móttakarinn eru ekki pöruð rétt.	Paraðu fjarstýringuna og móttakarann. Sjá uppsetningarleiðbeiningar Remote control IR 24V.
Rafknúnar aðgerðir virka ekki.	Gallaður gangsetningarbúnaður.	Þegar aðgerðirnar hér á undan koma ekki að gagni við að leysa vandamálið kann gangsetningarbúnaðurinn að vera gallaður og skipta verður um búnaðinn.
Rafknúnar aðgerðir virka ekki.	Hitaöryggi hefur sleppt út.	Stýrikerfi Maestro. Hitaöryggin eru sjálfkrafa endurstíllt eftir nokkrar sekúndur, að því gefnu að engin alvarleg villa hafi átt sér stað. Eftir endurstíllingu fer rafmagnsaðgerðin í gagnstæða átt við síðustu keyrslu.

Bilanaleit vélrænna íhluta

Einkenni	Orsök	Úrræði
Sætið hleypur til þegar því er snúið.	Hlaup í lyftibúnaði.	Skiptið um lyftibúnaðinn.
Óvenjulegur hávaði berst frá rafknúna lyftibúnaðinum.	Slitnar legur.	Skiptið um rafknúna lyftibúnaðinn.
Hávaði í elthjólum.	Slitnar legur.	Skiptið um elthjólin.
Erfitt reynist að færa vöruna til.	Uppsöfnun á hári og óhreinindum í elthjólum.	Þrífið elthjólin, sjá 3. Þrif og umhirða. Valkostur skiptið um elthjólin.
Erfitt reynist að færa vöruna til.	Slitnar legur eða ójafn skrúfgangur.	Skiptið um elthjólin.
Hemilinn stöðvar ekki vöruna á fullnægjandi hátt.	Uppsöfnun á óhreinindum og ryki undir hemlaskóm.	Þrífið undan hemlaskónum, sjá 3. Þrif og umhirða.

Einkenni	Orsök	Úrræði
Hemilinn stöðvar ekki vöruna á fullnægjandi hátt.	Hemlaskór úr gúmmíi geta storknað með tíð og tíma.	Skiptið um hemlaskóna ¹
Hemilinn stöðvar ekki vöruna á fullnægjandi hátt.	Undirstaðan er skökk og skipta verður um hana.	Skiptið um undirstöðuna og tilkynnið Mercado Medic um slíkt. Sjá 1.1. Tengiliðaupplýsingar.

8.2. Rafhlöðuskipti



Viðvörun! Aðeins starfsfólki sem hefur hlotið vottun Mercado Medic AB er heimilt að sinna viðgerðum eða annarri tæknilega vinnu. Þegar slíku er ekki fylgt fellur CE-merking vörunnar úr gildi og Mercado Medic getur ekki lengur tekið fulla ábyrgð á vörunni.

Hægt er að skipta um innri rafhlöður vörunnar. Skipta verður um báðar rafhlöðurnar í rafhlöðuhólfinu þegar skipt er um íhluti. Frekari leiðbeiningar er að finna í hlutanum Battery replacement 24V.

Frekari upplýsingar um rafhlöðuskipti fjarstýringar er að finna í uppsetningarleiðbeiningum Remote control IR 24V 1G.

¹ Skoða verður hemilinn reglulega, sjá 6. Mikilvægar öryggisupplýsingar.

8.3. Enduruppsetning og reglubundin viðhaldsvinna

Ekki er gerð krafa um reglubundna viðhaldsvinnu ef ávísunaraðili vörunnar starfar innan heilbrigðisstofnunarinnar. Gert er ráð fyrir því að ávísunaraðilinn og umrædd heilbrigðisstofnun fylgi forskriftum um endingartíma vörunnar samkvæmt verklagi heilbrigðisstofnunarinnar. Þegar slíkum forskriftum er fylgt eftir er mikilvægt að kanna afköst vörunnar og hugsanlegar breytingar sem orðið hafa á vörunni. Í tilvikum þegar söluaðilar selja vörur beint til notenda og engin ávísunaraðili er til staðar, verður að sinna reglubundinni viðhaldsvinnu á a.m.k. 2 ára fresti á meðan áætlaða endingartímanum stendur og þegar honum er lokið, samkvæmt leiðbeiningunum hér á eftir um enduruppsetningu.

Enduruppsetning samkvæmt þessum notkunarleiðbeiningum merkir ekki heildstæða endurgerð eða algjöra endurnýjun í skilningi reglugerðar um lækningatæki (ESB) 2017/745, MDR, eða í því markmiði að setja vöruna aftur á markað með nýjan áætlaðan endingartíma. Þess í stað er tilgangur enduruppsetningarinnar samkvæmt þessum notkunarleiðbeiningum ítarleg viðhaldsvinna og viðgerðir á vörunni, en raðnúmerinu er haldið eftir og áætlaður endingartími helst óbreyttur. Markmiðið með slíkri enduruppsetningu kann t.d. vera að ávísá vörunni á annan notanda.

Skoðun fyrir enduruppsetningu

Þegar enduruppsetningu er sinnt skal ávallt framkvæma ítarlega sjónræna skoðun á helstu íhlutum vörunnar til að tryggja öryggi sjúklinga. Helstu íhlutir vörunnar eru m.a. undirstaða, hemill, lyftibúnaður, setugrind, bakhalli og búnaður armstoða. Einnig skal skoða suðuhluta, læsanlegar aðgerðir og stillingar.

Við skoðun á PLUS-undirstöðu skal skoða suðuhluta á milli fremri og aftari fóta. Hugsanlega verður að skipta um undirstöðu eða skipta um vöru ef ummerki eru um sprungur í efninu eða mislitun kemur í ljós á þessu svæði. Notið fullnægjandi lýsing og stækkunargler því erfitt getur reynst að koma auga á sprungur á svartlökkum undirstöðum.

Þegar hemlun vörunnar er léleg skal athuga jafnvægi undirstöðunnar og kanna ástand hemlafótanna. Takið vöruna umsvifalaust úr notkun ef varan hvílir ekki fullkomlega á öllum fjórum fótunum í hemlalausri stillingu. Athugið jafnvægi undirstöðunnar á fleiri stöðum og í aðrar áttir til að útiloka að halli gólfins hafi áhrif á vöruna.

Skipt um íhluti

Á vefsvæðinu www.mercado.se er hægt að nálgast ýmis fylgiskjöl, t.d. varðandi skipti á íhlutum, stækkaðar skýringarmyndir, leiðbeiningar um samsetningu, rafkerfisupprætti og stafræna leit að greinum. Einnig er hægt að nota leiðbeiningar um samsetningu íhluta vörunnar við sundurhlutun þeirra. Frekari upplýsingar um fylgihluti og varahluti er að finna í vefverslun okkar á <https://shop.mercado.se/>.



Viðvörun! Viðhafa verður gát við samsetningu, tengingar eða sundurhlutun íhluta. Hætta er t.d. á að klemmast ef íhlutir eru meðhöndlaðir á rangan hátt. Slík vinna skal því eingöngu vera í höndum tæknimanns sem hlotið hefur vottun frá Mercado Medic.



Viðvörun! Festa verður alla íhluti vörunnar tryggilega þannig að engin hætta sé á að losni um minni íhluti. Allar snúrur verður að festa með snúruböndum við undirstöður stólsins til að lágmarka hættu á að þær vefjist um háls.

Geymsla á rafhlöðum í lengri tíma

Ef stýrkerfið RCB10+L er geymt í lengri tíma mun rafhlaðan aftengjast sjálfkrafa eftir 7 daga. Einnig er hægt að þvinga rafhlöðuna í RCB10+L í ótengda stöðu með því að stinga 9V afgjafa (hlutanúmer 804823) í hleðslutengið og bíða í að minnsta kosti 5 sekúndur áður en afgjafinn er aftengdur. Ef handstýring er notuð blikka öll stöðuljósin þegar rafhlaðan er aftengd og hægt er að taka rafmagnið úr sambandi.

Ekki þarf að aftengja rafhlöðuna í Maestro stjórnerfinu.

Ef um lengri geymslu er að ræða þarf að hlaða rafhlöðuna á 4 mánaða fresti til að viðhalda virknini, sjá 2.3. Hleðsla. Sé þessum leiðbeiningum fylgt getur rafhlaðan haldið fullri afkastagetu í 5 ár.

Til að tengja rafhlöðuna aftur í RCB10+L stjórnerfið er hleðslutækið tengt við hleðslutengið og vegginnstunguna. Bíddu í minnst 5 sekúndur áður en hleðslutækið er aftengt. Nú er rafhlaðan tengd og hægt að taka kerfið aftur í notkun. Mælt er með því að láta hleðslutækið vera á sínum stað og hlaða rafhlöðuna að fullu eftir að varan hefur verið í geymslu og rafhlaðan ótengd í einhvern tíma.

Leiðbeiningar um enduruppsetningu

Ekki má þrífa vöruna með háþrýstíþvotti. Leiðbeiningar varðandi dagleg þrif er að finna í 3. Þrif og umhirða.

Fylgja verður eftirfarandi verklagi við enduruppbyggingu til að tryggja öryggi sjúklinga:

Auðkenni	Svæði	Leiðbeiningar um enduruppsetningu
1 Þrif		
1.1	Vélræn virkni	Þurrkið af vélrænum hlutum, að gangsetningarbúnaðinum undanskildum, með rökum klút vættum með mildu hreinsiefni (pH 7–12), sótthreinsiefni eða lágþrýstíþvotti (hám. 8 bör). ATHUGIÐ! Ekki má sprauta vatni á stólinn til að skola hann, né sprauta á hann öðrum vökvum eða ídefnum.
1.2	Rafeindabúnaður og snúrur	Fjarlægið ryk með þurrum klút.
1.3	Stjórntæki	Notið rakan klút vættum með sótthreinsiefni til að þurrka af stjórntækjum. Slíkt er gert til að varna því að smit berist.
1.4	Gangsetningarbúnaður og lyftibúnaður	Hreyfanlegir íhlutir eru smurðir og ekki þarf að þrífa slíka íhluti. Sérstakar leiðbeiningar eiga við um lyftibúnað, sjá leiðbeiningar í hluta 3 og 4.
1.5	Bólstraðir hlutar	Við mælum með því að þú takir í sundur og fargar öllu fylliefni. Þvoið áklæðin samkvæmt þvottaleiðbeiningum.
1.6	Eltihjól	Hreinsið hár og ryk af eltihjólum.

Auðkenni	Svæði	Leiðbeiningar um enduruppsetningu
2 Rafeindabúnaður		
2.1	Rafeindabúnaður	Fyrst skal hlaða vöruna í a.m.k. 5 sekúndur til að virkja rafeindabúnaðinn. Skoðið rafeindabúnaðinn og allar rafknúnar aðgerðir. Athugið hvort að efnislegar skemmdir séu á stjórnkassanum og snertuboxinu, ef slíkt er til staðar.
2.2	Hleðslutæki	Gangið úr skugga um að hleðslutækið virki og að engar skemmdir séu sýnilegar á húsi eða snúrum.
2.3	Stýringar	Gangið úr skugga um að stjórnhnappar og handstýring virki og að engar skemmdir séu sýnilegar á húsi eða snúrum.
2.4	Snertur	Gangið úr skugga um að leiðslur og snertur séu heilar og sitji tryggilega. Gangið úr skugga um að allar litamerkingar á innstungum haldist, bættu við ef þörf krefur. Draga verður úr hættunni á því að snúrur og innstungur klemmist og allar snúrur skulu vera kyrfilega festar með snúruböndum.
2.5	Rafhlöður	Mælið rafhlöðurnar og gangið úr skugga um að ekki sé of mikill munur á hleðslu þeirra. Mikill hleðslumunur kann að vera vísbending um galla í rafhlöðuhólf. Frekari leiðbeiningar er að finna í hlutanum um Battery replacement 24V. Hafið í huga að áætlaður endingartími rafhlæðnanna er 5 ár þegar viðhaldi þeirra er sinnt samkvæmt þessum notkunarleiðbeiningum. Hugsanlega er kominn tími á að skipta rafhlöðunum út, en slíkt fer eftir hvenær enduruppsetning á sér stað og hvaða viðhaldsvinna eða viðgerðir áttu sér stað á vörunni áður.
2.6	Rafknúinn sætishalli	Gangið úr skugga um engar skemmdir séu á gangsetningarbúnaðinum. Kannið virkni hreyfanlegra hluta rafknúna stólsins. Gangið úr skugga um að allar lásskrúfur séu vel hertar og að ekkert hlaup sé til staðar í endanlegri stöðu.
2.7	Rafknúin hallastilling	Gangið úr skugga um engar skemmdir séu á gangsetningarbúnaðinum. Kannið virkni hreyfanlegra hluta rafknúna stólsins. Gangið úr skugga um að allar lásskrúfur séu vel hertar og að engin sé til staðar í endanlegri stöðu.
2.8	Rafknúinn hemill	Gangið úr skugga um engar skemmdir séu á gangsetningarbúnaðinum. Kannið virkni hreyfanlegra hluta rafknúna stólsins. Gangið úr skugga um að allar lásskrúfur séu vel hertar og að engin truflun sé til staðar í endanlegri stöðu. Gangið úr skugga um að allar festingar séu heilar og vel festar í undirstöðunni.

Auðkenni	Svæði	Leiðbeiningar um enduruppsetningu
3 Rafknúinn lyftibúnaður		
3.1	Skrölt	Athugið hvort að lyftibúnaðurinn skrölти. Skiptið um lyftibúnaðinn ef hann skröltir. Leggið þyngd á vöruna og athugið hvort að skrölти í lyftibúnaðinum þegar hann er ræstur í neðstu stöðu. Hægt er að senda bilaðan lyftibúnað til Mercado Medic til viðgerðar.
3.2	Snúningslás	Gangið úr skugga um að ekkert hlaup sé í lyftibúnaðinum til hliðanna við snúning eða hleðslu. Skiptið um lyftibúnaðinn ef hlaup er til staðar. Hægt er að senda bilaðan lyftibúnað til Mercado Medic til viðgerðar.
3.3	Lyftistöng	Hækkið lyftibúnaðinn í efstu stöðu. Notið þurran klút til að þerra ryk og óhreinindi af lyftistönginni. Smyrjið í lyftistöngina með þunnu lagi af teflon- eða sílikonsmurefni.
3.4	Festing	Gangið úr skugga um að sætið snúi beint fram miðað við undirstöðuna. Gangið úr skugga um að festingin við setugrindina og undirstaðan hafi verið hert nægilega. Skiptu um skrúfur með skemmdan haus eða gengjur.
3.5	Rafmagnssnúrur	Athugið hvort slit eða klemmuður sjáist á snúrum.
4 Lyftibúnaður með gasfjöldrun		
4.1	Snúningslás	Gangið úr skugga um að ekkert hlaup sé í lyftibúnaðinum til hliðanna við snúning eða hleðslu. Skiptið um lyftibúnaðinn ef truflun er til staðar.
4.2	Lyftistöng	Hækkið lyftibúnaðinn í efstu stöðu. Notið þurran klút til að þerra ryk og óhreinindi af lyftistönginni. Smyrjið í lyftistöngina með þunnu lagi af teflon- eða sílikonsmurefni.
4.3	Festing	Gangið úr skugga um að sætið snúi beint fram miðað við undirstöðuna. Gangið úr skugga um að festingin við setugrindina og undirstaðan hafi verið hert nægilega. Skiptu um skrúfur með skemmdan haus eða gengjur.
4.4	Hersluhringur	Gangið úr skugga um að neðsti hersluhringurinn sé kyrfilega á sínum stað.
4.5	Gasfjöldunarstýring	Gangið úr skugga um að gasfjöldunin læsist á réttan hátt og ekki dragi hægt og bítandi úr hæðinni þegar þyngd er lögð á gasfjöldunina. Stillið röranippilinn ef hæðin breytist þegar þyngd er lögð á gasfjöldunina. Skoðið víra og vírhífar og skiptið út ef skemmdir finnast.

Auðkenni	Svæði	Leiðbeiningar um enduruppsetningu
5 Undirstaða		
5.1	Suðuhlutar	Skoðið alla suðuhluta vel og leitið eftir merkjum um sprungur, ryð eða tilfærslu. Notið fullnægjandi lýsingu og stækkunargler því erfitt getur reynst að koma auga á sprungur á svartlökkuðum undirstöðum. Gangið úr skugga um að undirstaðan sé stöðug. Notið málningu til að gera við lakkskemmdir til að koma í veg fyrir tæringu.
5.2	Skrúffestingar	Athugaðu allar skrúfur og hertu þær upp. Skiptu um skrúfur með skemmdan haus eða gengjur.
6 Bremsur		
6.1	Virkni	Skiptið um hemlaskó. Gangið úr skugga um að bremsan virki sem skyldi.
6.2	Plasttappar	Gangið úr skugga um að fóðringar á stýringum og plasttappar hafi verið tryggilega fest á réttum stöðum. Skiptið um slitna eða skemmda íhluti.
6.3	Klemmuvörn	Gangið úr skugga um að klemmuvörn hafið verið tryggilega fest. Koma verður fyrir klemmuvörn við hemlaskóna áður en varan er notuð á ný.
7 Eltihjól		
7.1	Virkni	Skoðið eltihjól og krappa með tilliti til slits eða hlaups. Slit eða hlaup kann að vera vísbending um skemmdar legur. Gangið úr skugga um að eltihjólin snúist hindrunarlaust og krapparnir snúist. Skiptið um slitna eða skemmda íhluti.
7.2	Festing	Gangið úr skugga um að skrúfurnar í eltihjólunum séu heilar og vel hertar. Skiptu um skrúfur með skemmdan haus eða gengjur.
8 Setugrind		
8.1	Vélbúnaður	Skoðið vandlega alla suðuhluta með tilliti til sprungumyndunar eða lakkskemmda. Skoðið sérstaklega festingar sætishalla við gangsetningarbúnaðinn og festiopin fyrir fótstoðirnar, þar sem slík svæði bera mikla byngd. Notið fullnægjandi lýsingu og stækkunargler því erfitt getur reynst að koma auga á sprungur á svartlökkuðum svæðum. Notið málningu til að gera við lakkskemmdir til að koma í veg fyrir tæringu.
8.2	Skrúffestingar	Athugaðu allar skrúfur og hertu þær upp. Skiptu um skrúfur með skemmdan haus eða gengjur.
8.3	Plasttappar	Gangið úr skugga um að fóðringar á stýringum og plasttappar hafi verið tryggilega fest á réttum stöðum. Skiptið um slitna eða skemmda íhluti.

Auðkenni	Svæði	Leiðbeiningar um enduruppsetningu
8.4	Stýringar	Gangið úr skugga um að hnúðar og handföng fyrir setugrind virki rétt og læsist sem skyldi.
8.5	Sætishalli með gasfjöörun	Þegar varan er búin sætishalla með gasfjöörun skal ganga úr skugga um að gasfjöörunin læsi sætishallanum á fullnægjandi hátt. Stillið röranippilinn ef sætishalli breytist hægt og bítandi þegar þyngd er lögð á gasfjöörunina. Skoðið víra og vírhífar og skiptið út ef skemmdir finnast. Athugið hvort að olía leki úr gasfjööruninni. Skiptið um gasfjöörunina við olíuleka.
8.6	Sætishalli stilltur með stöng	Þegar sætishalli vörunnar er stilltur með stöng skal ganga úr skugga um að ekkert hlaup sé í sætishallanum og allar skrúfur séu vel hertar.
8.7	Coxit-búnaður	Gangið úr skugga um að flipastýringarnar opnist snurðulaust og þær séu vel læstar með mótvægisró. Ef þörf krefur skal smyrja gengjurnar með teflonsmurefnii eða sílikonsmurefnii.
9 Búnaður fyrir bak		
9.1	Vélbúnaður	Athugið íhluti og skiptið út slitnum íhlutum, leitið sér í lagi að sprungumyndun við suðuhluta, þar sem slíkir hlutar eru undir miklu álagi í lengri tíma. Notið fullnægjandi lýsingu og stækkunargler því erfitt getur reynst að koma auga á sprungur á svartlökkum svæðum. Gangið úr skugga um að allir hreyfanlegir hlutar virki sem skyldi.
9.2	Festing	Gangið úr skugga um að allar skrúfur, hnappar og rofar læsist sem skyldi. Gangið úr skugga um að fjöörunarhnappurinn virki sem skyldi.
9.3	Plasttappar	Gangið úr skugga um að fóðringar á stýringum og plasttappar hafi verið tryggilega fest á réttum stöðum. Skiptið um slitna eða skemmda íhluti.
9.4	Gasfjöörunarstýring	Athugið loftþrýsting og stöðugleika gasfjöörunarinnar. Gangið úr skugga um að gasfjöörunin læsist á réttan hátt og bakhallinn breytist ekki hægt og bítandi þegar þyngd er lögð á gasfjöörunina. Skoðið víra og vírhífar og skiptið út ef skemmdir finnast. Athugið hvort að olía leki úr gasfjööruninni. Skiptið um gasfjöörunina við olíuleka.

Auðkenni	Svæði	Leiðbeiningar um enduruppsetningu
10 Armstoðir		
10.1	Grindur breiddastillingar	Skoðið vandlega grindur breiddarstillingar með tilliti til sprungumyndunar og lakkskemmda. Skoða þarf sérstaklega svæði umhverfis suðupunkta og raufir læsingarinnar, þar sem mikil þyngd er lögð á þessi svæði. Notið fullnægjandi lýsingu og stækkunargler því erfitt getur reynst að koma auga á sprungur á svartlökkuðum svæðum. Notið málningu til að gera við lakkskemmdir til að koma í veg fyrir tæringu.
10.2	Virkni	Skoðið og skiptið um alla slitna íhluti. Prófið hvort að læsingar og allir hreyfanlegir hlutar virki sem skyldi. Gangið úr skugga um að hnúðar og skrúfur virki sem skyldi og engar skemmdir séu til staðar á skrúfgöngum og klemmd svæði.
10.3	Plasttappar	Gangið úr skugga um að fóðringar á stýringum og plasttappar hafi verið tryggilega fest á réttum stöðum. Skiptið um slitna eða skemmda íhluti.
10.4	Vélbúnaður armstoðar	Skoðið alla suðuhluta og gangið úr skugga um að engar skemmdir sjáist á vélbúnaði, sem gætu veikt eða rýrt burðarþolið. Notið fullnægjandi lýsingu og stækkunargler því erfitt getur reynst að koma auga á sprungur á svartlökkuðum svæðum. Notið málningu til að gera við lakkskemmdir til að koma í veg fyrir tæringu.
11 Fylgihlutir		
11.1	Endurheimt	Fjarlægið fylgihluti sem ekki fylgja grunnútgáfu hennar, sjá 5.2. Grunnhönnun.
11.2	Vélbúnaður	Skoðið alla suðuhluta og gangið úr skugga um að engar skemmdir sjáist á vélbúnaði, sem gætu veikt eða rýrt burðarþolið. Notið fullnægjandi lýsingu og stækkunargler því erfitt getur reynst að koma auga á sprungur á svartlökkuðum svæðum.
11.3	Virkni	Skoðið og skiptið um alla slitna íhluti. Gangið úr skugga um að læsingar og allir hreyfanlegir hlutar virki sem skyldi.
12 Lokaskoðun		
12.1	Lokaskoðun	Prófið allar aðgerðir vörunnar. Gangið úr skugga um að allar aðgerðir, rafknúnar aðgerðir og hemlar virki sem skyldi. Gangið úr skugga um að eltihjólin hreyfist hindrunarlaust og öll hjólin fjögur snerti undirlagið.
12.2	Hvíldarstaða fyrir rafhlöður	Ef geyma á rafmagnsgerðir á lager er hægt að setja nokkrar rafhlöður í svefnstillingu með tilætluðu 9V millistykki, sjá 8.3. Enduruppsetning og reglubundin viðhaldsvinna, geymsla á rafhlöðum í lengri tíma.

Auðkenni	Svæði	Leiðbeiningar um enduruppsetningu
11 Fylgihlutir		
11.1	Endurheimt	Fjarlægið fylgihluti sem ekki fylgja grunnútgáfu hennar, sjá 5.2. Grunnhönnun.
11.2	Vélbúnaður	Skoðið alla suðuhluta og gangið úr skugga um að engar skemmdir sjáist á vélbúnaði, sem gætu veikt eða rýrt burðarþolið. Notið fullnægjandi lýsingu og stækkunargler því erfitt getur reynst að koma auga á sprungur á svartlökkum svæðum.
11.3	Virkni	Skoðið og skiptið um alla slitna íhluti. Gangið úr skugga um að læsingar og allir hreyfanlegir hlutar virki sem skyldi.
12 Lokaskoðun		
12.1	Lokaskoðun	Prófið allar aðgerðir vörunnar. Gangið úr skugga um að allar aðgerðir, rafknúnar aðgerðir og hemlar virki sem skyldi. Gangið úr skugga um að elthjólin hreyfist hindrunarlaust og öll hjólin fjögur snerti undirlagið.
12.2	Hvíldarstaða fyrir rafhlöður	Ef geyma á rafmagnsgerðir á lager er hægt að setja nokkrar rafhlöður í svefnstillingu með tilætluðu 9V millistykki, sjá 8.3. Enduruppsetning og reglubundin viðhaldsvinna, geymsla á rafhlöðum í lengri tíma.

9. Leiðbeiningar um förgun

Vörur sem tekna eru úr notkun skal taka í sundur og flokka niður til endurvinnslu á réttan hátt. Á www.mercado.se eru samsetningarleiðbeiningar sem einnig er hægt að nota til að taka íhluti vörunnar í sundur. Þar á eftir skal farga íhlutunum á réttan hátt, sjá 9.1. Sorpflokkun.



Viðvörun! Viðhafa verður gát við samsetningu, tengingar eða sundurhlutun íhluta.

Hætta er t.d. á að klemmast ef íhlutir eru meðhöndlæðir á rangan hátt. Slík vinna skal því eingöngu vera í höndum tæknimanns sem hlotið hefur vottun frá Mercado Medic.

9.1. Sorpflokkun

Leiðbeiningar um flokkun íhlutanna.

Málmur

- Búnaður fyrir armstoðir
- Búnaður fyrir bak
- Búnaður fyrir hnakkapúða
- Fótstoð
- Undirstaða
- Setugrind
- Gangsetningarbúnaður
- Lyftibúnaður
- Gasfjaðrir
- Aðrir íhlutir úr málmi sem Mercado Medic selur

Rafeindabúnaður

- Kaplar
- Stjórnkassi (fjarlægja skal rafhlöður og farga þeim á aðskilinn hátt)
- Snertubox
- Handstýring
- Stjórnhnappar

Brennanlegt

- Sæti
- Bakstoð
- Höfuðpúði
- Armstoðir
- Aðrir bólstraðir hlutar sem Mercado Medic selur

Blý rafhlaða

- Rafhlöður (ávallt skal farga rafhlöðum á endurvinnslustöðvum)

Þessi síða hefur viljandi verið skilin eftir auð

Þessi síða hefur viljandi verið skilin eftir auð

